

Sóknarfæri

Júní 2022

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

**Vil skapa sátt um
sjávarútveginn**

Svandís Svavarsdóttir, ráðherra sjávarútvegsmála



Sjávarútvegur í ölduróti heimsmálanna



Jóhann Ólafur Halldórsson
ritstjóri skrifar.

Vart hafði byrjað að sjá til lands í heimsfaraldri Covid-19 þegar nýtt fár á heimsvísu tók við með stríðinu í Úkraínu. Það má heita afrek hversu vel tókst að halda uppi afköstum; veiðum og framleiðslu í sjávarútvegi meðan mestu áhrifa heimsfaraldursins gætti, bæði hér á landi og í markaðslöndum íslenskra sjávarafurða. Frátafir skipa frá veiðum voru fátíðar og lítið um truflanir í vinnsluhúsunum en það sem einna áhugaverðast verður þegar rýnt er í baksýnispegilinn er að þrátt fyrir að veitingastarfsemi á heimsvísu hafi nánast legið algjörlega niðri svo vikum og mánuðum skipti þá tókst engu að síður að laga sölu- og markaðsstarfið að smásöluverslun og ná þannig að koma afurðum í verð. Meðan á stóð töldu margir að þarna hafi opnast ný vidd í afurðasölu sem ekki komi til með að hverfa í brád þó heimsfaraldurinn gangi yfir en tíminn verður að leiða í ljós hvort svo sé. Það er hins vegar freistandi að spá því að flest fari undrafljótt í sömu hjólför og áður. Þannig er sagan.

Fæstir áttu von á því að strax í kjölfar þessa fárs á heimsvísu kæmi innrás Rússa í Úkraínu með tilheyrandi áhrifum á heimsmálin og sér hvergi nærri fyrir endann á. Vissulega er sýnt að ýmsir flokkar íslenskra sjávarafurða hafa strax hækkað verulega í verði með tilheyrandi hækkun tekna. Á hinn bóginn kann þetta til lengri tíma að þrengja enn að mörkuðum fyrir uppsjávarafurðir og því til viðbótar er sýnt að snarpar verðhækkunar á olíu koma illa við orkuskerfjandi grein sem sjávarútvegurinn er. Þetta undirstrikar að það er ekki aðeins vegna umhverfisþáttarins sem orkuskipti í sjávarútvegi eru knýjandi heldur ekki síður til að greinin verði til framtíðar minna háð olíu. Orkuskiptin verða hins vegar langhlaup og á meðan þarf að komast í gegnum þann mótvind sem nú er þegar í fangið – hversu lengi sem hann mun svo standa.

Svandís Svavarsdóttir, ráðherra sjávarútvegsmála, fer í ítarlegu viðtali hér í blaðinu yfir hennar sýn á sjávarútvegsmálin. Hægt

er að taka undir það með ráðherra að of oft verður sjávarútvegurinn bitbein í pólitískri og almennri umræðu. Þess vegna er það mikilvægt stefnumál allra þeirra sem stýra málaflökknum að auka sátt um greinina í samfélaginu, sé það á annað borð möglegt. Sjávarútvegur er stór atvinnugrein og miklir hagsmunir í húfi fyrir einstaklinga, fyrirtæki, byggðarlög og að sjálfsgöðu samfélagið sem heild. Mestan hag hefur íslenskt samfélag augljóslega af því að sjávarútvegurinn gangi sem best. Hvort um greinina og alla þætti hennar getur náðst almenn sátt verður tíminn svo að leiða í ljós. Þær aðstæður sem hafa verið síðustu ár og eru nú í heimsmálum undirstrika að allt umhverfi íslensks sjávarútvegs tekur stöðugum breytingum sem bregðast þarf við.

Sóknarfæri sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómanna-dagsins.

Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Útgefandi: Ritform ehf.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).

Umsjón, og textavinnsla: Baldur Guðmundsson, Hjörtur Gíslason, Jóhann Ólafur Halldórsson og Margrét bóra bórsdóttir.

Hönnun og umbrot:

Guðmundur Þorsteinsson - Guðli.

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir
inga@ritform.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Íslandspóstur

Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og visir.is

Við erum líka á Facebook!



Gott til endurvinnslu



Við óskum sjómönnum og landsmönnum öllum til hamingju með daginn!





Gleðilega hátíð



Mikill saumaskapur og handverk við netin

segir Raket Ýr Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Markus Lifenet ehf. sem stýrir nú framleiðslu björgunarbúnaðar sem Markús afi hennar fann upp

„Það er mikil saumavinna og handverk við hvert einasta net sem við framleiðum. Ákveðnar vörur í okkar framleiðslu reynum við að eiga á lager en að stærstum hluta framleiðum við öll önnur net eftir pöntun því það er líka þannig að þegar um er t.d. að ræða klifurnet þá er stærðin breytileg eftir stærð skipa. Við erum því að stórum hluta til í sérframleiðslu fyrir viðskiptavinum,“ segir Raket Ýr Pétursdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Markus Lifenet ehf. í Hafnarfirði. Þetta litla fjölskyldufyrirtæki rekur sögu sína til þess þegar Markús B. Þorgeirsson, afi Rakelar, kynnti fyrir 43 árum hugmynd sína um Björgunarnetið Markús, Markúsarnetið, til björgunar á mönnum úr sjó. Í kjölfarið hófst framleiðsla og frekari þróun á Markúsarnetinu en Markús stýrði fyrirtækinu til dauðadags árið 1984 og allar götur síðan síðan hafa afkomendur hans og fjölskylda þróað framleiðsluna og reksturinn.

Staðlaður og viðurkenndur búnaður til notkunar um allan heim

Segja má að vöruframleiðsla fyrirtækisins Markus Lifenet ehf. skiptist í meginatriðum í tvö svið. Annars vegar Markúsarnetið og aðrar tengdar vörur sem snúa að björgun fólks úr sjó og hins vegar svokallaðar klifurvörur sem eru t.d. netstigar sem settir eru á síður skipa og báta og gera þeim sem fellur í sjó kleift að klifra um borð. Klifurstigarnir eru líka víða aðgengilegir sem öryggisbúnaður á bryggjum landsins.

Raket segir Markúsarnetið sjálf tildululega staðlaða vöru sem alla jafna sé til á lager. „Markúsarnetið er t.d. með týpuviðurkenningu frá Lloyd's og fellur því að stöðlum og kröfum til notkunar víða um heim. Þessa dagana erum við að stíga enn eitt stórt skref í viðurkenningu á Markúsarnetinu með því að fá ISO-19898 vottun sem þýðir að búnaðurinn uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skipa sem sigla á alþjóðlegum hafsvæðum um að þau hafi búnað um borð sem geri kleift að ná fólki úr sjó. Í maí fengum við þessa viðbót við okkar týpuviðurkenningu á Markúsarnetinu og það þýðir að við getum kynnt vöruna fyrir enn stærri hópi viðskiptavina. Við eigum alveg von á að í kjölfar þessa áfanga komi holskefla af pöntunum og nýjum viðskiptavinum,“ segir Raket Ýr.

Framleiðslan nánast öll til erlendra kaupenda

Framleiðsla Markus Lifenet ehf. fer nánast öll á erlenda markaði og segir Raket Ýr að Markúsarnetið sé mjög þekktur björgunarbúnaður fyrir skip, sér í lagi á Evrópumarkaði en í reynd sé framleiðslan þekkt um allan heim.

„Við auglýsum mjög lítið en okkar stærsti birgi er í Hollandi og með sama hætti byggjum við á sölu til birgja á Ameríkumarkaði. Þetta eru okkar stærstu markaðssvæði en síðan erum við í góðu samstarfi við framleiðanda Viking björgunarbúnaðar og þeirra skrifstofur út um allan heim. Þannig þjónustum við viðskiptavinum í öllum heimsálfum og má segja að þetta fyrirkomulag henti okkur sem litlu fjölskyldufyrirtæki mjög vel. Varan okkar hefur auglýst sig sjálf í gegnum árin en við höfum líka alltaf tekið þátt í sýningum hér heima á Íslandi og höfum í mörg ár líka farið á stóra sýningu sem haldin er í Southampton í Englandi,“ segir Raket Ýr.



■ Raket Ýr Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Markus Lifenet ehf.



■ Við saumavélina. Raket Ýr segist ganga í öll verk í fyrirtækinu eftir því sem á þurfi að halda.

Áratuga ending með réttum meðhöndlun

Endingartími búnaðarins frá Markus Lifenet ehf. segir Raket Ýr að ráðist mjög af meðferð og notkun. Hann geti verið mjög langur ef vel sé með búnaðinn farið.

„Við ætlumst til þess að farið sé reglulega yfir búnaðinn, helst ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Sé það gert og

búnaðinum pakkað með réttum hætti þegar hann er skoðaður eða notaður þá getur endingin verið líftími viðkomandi skips. Við höfum fengið til okkar 30 ára gömul net til skoðunar sem hafa verið í mjög góðu ásigkomulagi þannig að það er með þennan búnað eins og annað að ef farið er vel með hann þá endist hann lengi.

þetta er auðvitað búnaður sem er ekki í daglegri notkun heldur er þetta neyðar-búnaður og svo skrýtið sem það kann að hljóma þá vonar maður auðvitað að aldrei komi upp þær aðstæður í skipum að grípa þurfi til hans,“ segir Raket Ýr.

Sérstaða á heimsvísu

Að jafnaði eru fjórir starfsmenn hjá Markus Lifnet og fjölgar yfir sumarið þegar skólafólk bætist við.

„Áður fyrr var svolítill árstíðasveifla í sölnunni hjá okkur en í dag má segja að salan sé jöfn og stöðug árið um kring. Það selst líka nokkuð jafnt af öllum okkar vöruflokkum og sem dæmi varð svolítill breyting hjá okkur þegar strandgæslan í Bandaríkjunum fór að sýna okkar framleiðslu meiri áhuga. Þar er verið að skipta út stærri og þyngri búnaði fyrir okkar net sem eru allt að sex sinnum léttari en samkeppnisaðilarnir eru með. Þyngdin er eitt af þeim stóru atriðum sem skapa okkar framleiðslu sérstöðu á markaðnum fyrir það hversu létt okkar net eru. Það er talsverð samkeppni á okkar markaði, sérstaklega á klifurnetamarkaðnum, en við njótum þess líka að Markúsarnetið er algjörlega einstakt á heimsvísu sem björgunarbúnaður til að ná fólki úr sjó. Í því felst okkar sérstaða,“ segir Raket Ýr.

Þó notkunarvið búnaðarins séu nokkuð skýr og viðskiptavinahópurinn á þann hátt þekktur þá kemur líka fyrir að ný tækifæri opnast í þessari framleiðslu, líkt og flestu öðru. Þannig hefur nýlega komið fyrirspurn um framleiðslu á klifurnetum fyrir risavaxin olíuborskip í Nígíeríu en þarna segir Raket Ýr að hugsunin sé alveg öflug miðað við hefðbundna notkun klifurnetanna, þ.e. að netin verði flóttaleið fyrir áhöfn ef kviknar í um borð en ekki björgunarbúnaður ef maður fer fyrir borð. „Þetta eru risavaxin net miðað við það sem við erum vön og dæmi um notkun sem við getum ekki séð fyrir en verkefni sem er gaman að takast á við.“

Ólst upp með Markúsarnetinu

Eins og áður segir er Raket Ýr þriðja kynslóð fjölskyldunnar í framleiðslu Markúsarnetsins og annars björgunarbúnaðar sem Markus Lifenet framleiðir. Foreldrar hennar, Pétur Th. Pétursson og móðir hennar, Katrín Markúsdóttir, tóku við fyrirtækinu af Markúsi afa hennar og er Pétur dóttur sinni enn til halds og trausts ýmsum verkefnum, t.d. vöruþróun. Hún segist í reynd hafa alist upp í fyrirtækinu og sé vön því að ganga í öll verkefni sem leysa þarf, hvort heldur það er á skrifstofunni eða við saumavélina á verkstæðinu.

„Mamma mín var handavinnukennari og pabbi smíðakennari svo að það er miklar tengingar við handverk í fjölskyldunni. Mamma sá á sínum tíma um saumaskapinn en pabbi hefur alla tíð verið mikill hugmyndasmiður í vöruþróuninni. Þessi framleiðsla hefur því fylgt mér alla ævi og eftir því sem tíminn líður þá skynja ég sífellt betur hversu mikils virði það er að framleiða búnað sem hefur þann tilgang að bjarga mannlífum. Mér hefur alltaf þótt að sú hugsun að láta gott af sér leiða hafi fylgt okkar framleiðslu umfram hagnaðarsjónarmiðið,“ segir Raket Ýr Pétursdóttir.

markuslifenet.com



Sjómenn

Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar,
hamingjuóskir í tilefni sjómanna dagsins.

Þeir kröfuhörðu velja

OPTIM  **ICE**®

ísþykkibúnað og forkæla



KAPP ehf

Turnahvarf 8

203 Kópavogur

Sími 587 1300

kapp@kapp.is

www.kapp.is

 24 tíma
þjónusta 664 1310



■ „Ég trúi heldur ekki að útgerðarfyrirtækin vilji sitja undir þeirri umræðu að halda einni stétt sinna starfsmanna markvisst samningslausri svo árum skiptir. Meira að segja er í sérstökum samþykktum sumra útgerðarfyrirtækjanna að þau byggi starfsemi sína á kjarasamningum við sína starfsmenn en þykir svo allt í lagi að horfa framhjá því þegar kemur að sjómönnum,“ segir Trausti.

Óboðlegt að sjómenn séu kjarasamningslausir ár eftir ár

segir Trausti Jörundarson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar og fulltrúi í samninganefnd sjómanna

„Launaleg staða sjómanna hefur sjaldan verið betri en núna því fiskverð er hátt, góðri loðnuvertíð er nýlökíð, frystitogarar eru með sögulega hátt afurðaverð og þannig er hægt að telja áfram. Það sem skyggir hins vegar á er staða kjarasamningsmála stéttarinnar sem er í algjörlega óásættanlegri stöðu. Þar gengur hvorki né rekur þó verkefnið sé á borði ríkissáttasemjara og við skynjum engan áhuga hjá viðsemjendum okkar á að mæta okkar kröfum þó við höfum talið okkur hafa teyggt okkur eins langt og frekast er kostur,“ segir Trausti Jörundarson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar en hann á sem slíkur sæti í samninganefnd sjómanna.

Fagmannlega tekið á málum á Covid tímanum

Óhætt er að segja að útgerð fiskiskipa hafi almennt gengið vel meðan Covid 19 faraldurinn stóð sem hæst og má furðu sæta að ekki hafi oftar komið upp smit hjá áhöfnum en raunin varð.

„Faraldurinn olli litlum truflunum hjá útgerðum og sjómönnum og heilt yfir héldust tekjur sjómanna uppi, þrátt fyrir þær truflanir sem urðu á afurðamörkuðum. Á okkar félagssvæði fóru flestir sjómenn í svokallað launakerfi sem mér heyrir að hafi svo haldið áfram þó áhrifa faraldursins sé hætt að gæta í daglegri starfsemi. Auðvitað eru þó alltaf einhverjir sem vilja róa meira en þeir gerðu á Covid tímanum og þá leysa menn það líkt og

annað sem þurfti að taka á í gegnum faraldurstímamann. Mér fannst allir vera samtaka um að vinna fagmannlega að því að tryggja að útgerð skipa gæti gengið sem best meðan á faraldrinum stóð og það tókst vel,“ segir Trausti.

Tilboði um 10 ára kjarasamning hafnað

Árið 2019 tók Trausti við formennsku í Sjómannafélagi Eyjafjarðar og þá var það verkefni stærst og nærtækast á borði nýs formanns að gera kjarasamning. Þannig er staðan enn, þremur árum síðar.

„Við fundum á 14 daga fresti og við skynjum engan áhuga á að finna lausnir til að ljúka verkefninu. Auk heldur erum við núna komin á þann tíma þegar þungi vegna almennra kjarasamninga eykst hjá ríkissáttasemjara og við óttumst að það geri niðurstöðu í okkar kjaraviðræðum enn fjarlægari,“ segir Trausti. Hann segir lífeyrismál eitt stærsta atriðið sem útaf standi.

„Þetta stoppar allt á tilgreindri séreign sjómanna og hvaðan sá peningur á að koma. Þetta eru lífeyrisréttindi sem búið er að semja um við aðrar stéttir í landinu og að okkar mati er alveg skýrt að sjómenn eiga að sitja við sama borð og aðrir hvað það varðar. Vissulega er ósamið um mörg önnur atriði en líka búið að ná saman um ýmislegt sem við fáum samt ekki í gegn meðan heildarsamningur næst ekki. Við höfum fengið tilboð frá samninganefnd SFS um 10 ára kjarasamning sem inniheldur atriði þar sem væri verið að festa

kjararýrnun í sessi fyrir sjómenn og það er algjörlega óásættanlegt. Og bara sem dæmi um þá stöðu sem okkar menn eru í þá hefur kauptrygging, grunnlaun sjómanna, ekki hækkað frá 1. maí 2019 og hún er núna um 100 þúsund krónum undir lágmarkslaunum í landinu. Tilboð til okkar um hækkun kauptryggingar hljóðaði hins vegar upp á 30 þúsund krónur. Þetta er dæmi um að nálgunin í þessum viðræðum er ekki með þeim hætti að líklegt sé að niðurstaða náist á næstunni, því miður,“ segir Trausti.

Kjaraskerðing verður aldrei samþykkt

Verði framvindan í kjaraviðræðum með sama hætti næstu vikur og mánuði segir Trausti blasa við að hann fundi með félagsmönnum til að grasrót sjómanna ræði viðbrögð. Óbreytt ástand sé óboðlegt.

„Ég get ekki og mun ekki kynna kjarasamning fyrir félagsmönnum sem ég hef sjálfur enga trú á. Enda gefur að mínu mati auga leið að félagsmenn munu ekki samþykkja kjarasamning sem felur í sér launaskerðingu. Ég trúi heldur ekki að útgerðarfyrirtækin vilji sitja undir þeirri umræðu að halda einni stétt sinna starfsmanna markvisst samningslausri svo árum skiptir. Meira að segja er í sérstökum samþykktum sumra útgerðarfyrirtækjanna að þau byggi starfsemi sína á kjarasamningum við sína starfsmenn en þykir svo allt í lagi að horfa framhjá því þegar kemur að sjómönnum. Og það á sama tíma og útgerðin gengur ágætlega, eins og allir

vita. En alltaf er komið með sömu viðhorf við samningaborðið; það er hlutaskiptakerfi og kjarasamningsbætur á að taka af hlut sjómanna. Þar stendur hnifurinn í kúnni, svartapoka og sést ekki til lands. Og því miður hefur aldrei sést til lands síðan samningur okkar rann út þann 1. desember 2019,“ segir Trausti.

Verkfall úrslitakostur?

Eðlilegt er að spyrja hvort forystumenn sjómanna sjái þann kost einan í stöðunni að boða til verkfalls. Trausti segir ljóst sé að við þær aðstæður þegar vel árar á afurðamörkuðum þá vilji allir forðast verkfall með tilheyrandi tekjutapi og tjóni en með einhverjum hætti verði að brjóta ísinn við samningaborðið.

„Verkfallsvopnið bitur fastast þegar aðstæðurnar eru góðar, sagan segir okkur það. Ég hef aldrei verið talsmaður verkfalla og mun seint verða en hins vegar verður eitthvað að gera þegar viðræðurnar eru stál í stál og ekkert gerist. Við sjómenn höfum bakkað verulega með okkar kröfum, höfum boðið boðið sex ára samning og gefið þannig eftir að við teljum okkur vera komna með bakið upp í vegg. Horfi viðsemjendur okkar með sama hætti á sína stöðu þá hljótum við að þurfa að bregðast með einhverjum hætti við. Óbreytt ástand og kyrrstaða í kjarasamningsgerð jafn mikilvægrar stéttar og sjómanna er ekki boðleg,“ segir Trausti Jörundarson.



Á sjó og landi þarf að huga vel að öryggi og tryggingum.

Frá stofnun höfum við tryggt sjávarútveginn og störfum enn í dag náíð með sjómönnum.



Góð fjarskipti auka öryggi sjófarenda

Ásgrímur L. Ásgrímsson framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs Landshelgisgæslunnar

„Það er alltaf í gangi, einhver þróun en hún er stundum svo hæg að maður tekur varla eftir henni fyrr en lítið er til baka og rifjað upp. Við erum líka stöðugt að fylgjast með og skoða hvaða nýjungar eru í farvatninu og tileikna okkur þær,“ segir Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs Landshelgisgæslunnar, en hann hefur gegnt því starfi frá árinu 2011. Hann er menntaður sjóliðsforingi frá bandarísku strandgæslunni og starfaði um skeið þar úti m.a. á Karabíska hafinu. Einnig lærði hann sjómælingar í Bandaríkjunum og starfaði heim kominn við sjómælingar og sjókortagerð um árabil.

Ásgrímur fór í fyrsta sinn á sjó heilt sumar milli bekkja á menntaskólaárunum. Hann hafði tekið þátt í björgunarsveitarstörfum, verið í sjóbjörgunarsveit og segir áhugann fyrir sjómennsku, björgunar- og öryggismálum hafa kvikað á þeim tíma. Hann lauk stúdentsprófi og hafði hug á að fara í framhaldinu í Stýrimannaskólann. „Ég hafði sérstakan áhuga á þessum árum á því að starfa sem stýrimaður hjá Landshelgisgæslunni,“ segir hann. „Mig vantaði siglingatíma til að fá inngöngu í skólann og leitaði þá eftir starfi sem háseti hjá gæslunni.“

Áður en til þess kæmi kom boð frá bandarísku strandgæslunni [US Coast Guard] sem bauð Landshelgisgæslunni að senda nemanda í sjóliðsforingjaskóla sinn, US Coast Guard Academy. Kröfurnar voru að neminn væri á aldrinum 18 til 22 ára, með stúdentspróf, í góðu líkamlegu formi, ókvæntur og barnlaus.

„Þáverandi forstjóri LHG spurði mig hvort ég hefði áhuga fyrir þessu námi og ég lét slag standa, hélt utan til Bandaríkjanna strax eftir stúdentspróf í júní árið 1983 og hóf nám við skólann. Þetta er fjögurra ára háskólanám og ég lauk því vorið 1987,“ segir hann.

Björgun flóttafólks á hafi úti

Ásgrímur starfaði eftir brautskráningu sem sjóliðsforingi og stýrimaður hjá bandarísku strandgæslunni í rúm títíu. „Ég var á varðskipi sem sinnti fiskveiðieftirliti á fiskimiðunum suður af Kanada og austur af norð-austurströnd Bandaríkjanna og síðar fór ég í Karabíska hafið og var á einu af skipum strandgæslunnar þar. Það var eftirminnilegur tími en Ronald Reagan þáverandi forseti hafði skorið upp herör gegn eiturlyfjasmýglhringjum sem nýttu sér hafsvæðið til að smygla eiturlyfjum til Bandaríkjanna. Það var mikil alvara á bak við þetta, allir um borð vopnaðir og við öllu búnir,“ segir hann.

Ásgrímur segir að á þessum tíma hafi einnig talsvert verið um flóttafólk, m.a. frá Kúbu og Haiti sem freistaði þess að komast á bátum yfir til Bandaríkjanna. „Fólkið lenti í margvíslegum hrakningum á leið sinni, bátar fóru að leka eða jafnvel sökkva og það lenti í hafvillum, þannig að við vorum í talsverðum björgunarstörfum þarna,“ segir hann en reynslan sem Ásgrímur aflaði sér við þessi störf kom að góðum notum þegar Landshelgisgæslan hóf þátttöku í landamæraeftirliti á vegum Frontex, Evrópsku landamæra- og strandgæslustofnunarinnar. Verkefni LHG felst m.a. í vöktun landamæra við löndin úti fyrir ströndum norður Afríku, m.a. við almenna löggæslu með áherslu á björgun flóttafólks. „Það var ágætt að hafa þessa innsýn og reynslu þegar við fórum að sinna þessu verkefni, sem tekist hefur vel.“

Lærði sjókortagerð í Bandaríkjunum

Ásgrímur kom á ný til Íslands síðla árs 1988 og hóf þá störf á varðskipum Landshelgisgæslunnar og hjá flugdeild. Aftur þróuðust mál á annan veg en til stóð því honum bauðst snemma árs 1989 að halda aftur utan til Bandaríkjanna til náms hjá US Naval Oceanographic Office þar sem hann lærði



■ Ásgrímur L. Ásgrímsson framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs Landshelgisgæslunnar.

Myndir: Landshelgisgæslan



■ Neyðar- og sjúkraflutningar með þyrlum Landshelgisgæslunnar eru mun fleiri en áður, um 300 árlega.



■ Varðskip aðstoðar á miðunum.

sjómælingar sem hann segir að hafi verið áhugavert og gagnlegt nám.

Hann segir að sig hafi alltaf langað til að prófa að sigla fraktskipum og tækifæri kom upp í hendurnar á honum við komuna til Íslands eftir sjómælinganámið en hann vann þá um nokkurt skeið hjá Skipadeild SÍS. En fór á ný yfir til Landshelgisgæslunnar og var stýrimaður á varðskipum hennar, í flugdeild og þá starfaði hann lengi sem stýrimaður og skipstjóri á mælingaskipinu Baldri, eða allt til ársins 2005. Það ár var hann fenginn til að tengja og þróa samstarf stjórnstöðvar LHG og vaktstöðvar siglinga í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð og sinnti hann því starfi allt þar til hann tók við sem framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs árið 2011.

„Það má segja að hafi orðið nokkur breyting á starfsferli mínum við það að læra sjómælingarnar, hann þróaðist í aðra átt en til stóð,“ segir Ásgrímur sem stýrði kortagerð og sjómælingum um borð í Baldri um nokkurra ára skeið. Hann segir að miklar framfarir hafi verið í sjókortagerð við Íslandsstrendur, allir firðir og strendur við landið séu vel kortlagðir og komi það sér mjög vel vegna ýmissa verkefna, m.a. við leit og björgun.

Tengiliður og erindreki

Ásgrímur hafði á árum áður það aukastarf að vera tengiliður Landshelgisgæslunnar við Varnarliðið á Keflavíkflugvelli, eða á árunum 1991 þar til að brottför liðsins frá Íslandi kom árið 2006. „Varnarliðið hafði yfir góðum búnaði að ráða og voru okkar bakhjarlar áður fyrr þegar kom að verkefnum tengdum leit og björgun. Það var oft náið samstarf á milli þeirra og okkar hjá LHG og ég sinnti starfi tengiliðar milli þessara aðila.“

Ásgrímur tók sér ársleyfi frá störfum árið 1996 og var þá erindreki hjá Slysa- varnafélaga Íslands. „Ég ferðaðist um allt land og var með kennslu og námskeið fyrir björgunarsveitir, þar sem m.a. var rík áhersla lögð á sjóbjörgunarstarf,“ segir hann.

Jákvæð þróun á mörgum sviðum

Undanfarin 11 ár hefur Ásgrímur verið framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs Landshelgisgæslunnar, en undir það svið falla allar aðgerðir gæslunnar, þar með talið leit og björgun. Hann segir að þó góður

*Óskum
sjómönnum
til hamingju
með daginn*



Samhentir

áratugur sé ekki ýkja langur tími hafi margt breyst til batnaðar og jákvæð þróun orðið hvað margt sem viðkemur starfinu varðar. Hann nefnir betri sjókort, fjarskipti og ferilsvöktun. „Það auðveldar okkur oft starfið hversu góðan kortagrunn við höfum nú, mikill hluti hafsvæðisinsumhverfis Ísland hefur verið kortlagður og það getur skipt sköpum þegar við erum við leitarstörf og eins gera þessi kort allar siglingar öruggari því víða eru varasöm svæði þar sem viðhafa þarf fyllstu gát,“ segir hann. Fjarskipti hafa líka batnað til muna í gegnum árin sem eykur öryggi sjófarenda. Enn eru þó að sögn Ásgrímur nokkur skuggasvæði eftir en almennt verður staðan betri og betri.

Ferilsvöktun í stjórnstöð LHG hefur líka tekið jákvæðum framförum og segir hann að t.d. sé umsvifalaust gripið til aðgerða, hætti bátar og skip að senda frá sér merki. „Það er brugðist við á stundinni, allt sett í gang til að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskaiðis, þannig að núna er staðan sú að enginn bátur á að geta sokkið án þess að nokkur maður viti af því, líkt og því miður gerðist stundum áður fyrr,“ segir Ásgrímur. „Það er mjög ánægjulegt fyrir mig að hafa fengið að taka þátt í að þróa þetta öfluga ferilsvöktunarkerfi sem við höfum yfir að ráða og byggja það upp. Það hefur sannað gildi sitt svo um munar.“ Hann segir það sína tilfinningu að samskipti milli gæslunnar og sjófarenda séu góð og hafi þróast í jákvæða átt. „Öll okkar samskipti eru almennt í góðri sátt. Það er gott samband og sjófarendur eru duglegir að heyra í okkur og láta vita af ýmsu sem þeir sjá,“ segir Ásgrímur.

Stærri gæsla og breytt verkefni

Ásgrímur nefnir að í árunna rás hafi orðið margvíslegar breytingar. Landhelgisgæslan



■ Ásgrímur á fundi með samstarfsfólki sínu. Hann segir þróun ferilsvöktunar skipa hafa gert að verkum að nú geti skip ekki horfið út úr kerfinu og sokkið við landið öðruvísi en strax sé brugðist við.

hafi stækkað umtalsvert m.a. í kjölfar þess að varnarmálasvið var tekið inn í gæsluna en í samstarfi við utanríkisráðuneytið tók gæslan við daglegri umsjón varnarmála. Um 250 starfsmenn eru yfir árið við hin ýmsu störf hjá gæslunni og nefnir Ásgrímur að bakgrunnur starfsmanna sé mjög fjölbreyttur enda sinni fólk ýmsum sérhæfðum verkefnum.

Varðskipin eru færri en áður fyrr en öflugri. Beint fiskveiðieftirlit er ekki stundað í sama mæli og var og það er annars konar, meira í formi fjareftirlits. Umhverfiseftirlit hefur aukist og vaktar gæslan eitt og annað í umhverfinu auk þess að taka þátt í hreinsun strandlengj-

unnar og er með umhverfiseftirlit. Þá nefnir Ásgrímur að mikil aukning hafi orðið hjá þylunum, mun fleiri sjúkra- og neyðarflutningar en áður var. Nefnir hann að fyrir um áratug hafi að jafnaði verið um 100 flutningar með þylum en þeir séu nær 300 nú. Ekki sé einungis um að ræða sjófarendur, heldur fari þylur í verkefni um allt land.

Drónarnir hafa sannað sig

„Við erum alltaf að fylgjast með því nýjasta sem er í gangi hverju sinni í því skyni að vera ávallt sem best í stakk búin að bregðast við því sem upp kann að koma,“ segir Ásgrímur. Hin síðari ár hafi drónar



■ Byrila Landhelgisgæslunnar í verkefni úti á sjó.

mjög verið að ryðja sér til rúms og sannað gildi sitt m.a. við leit og eftirlit. Hann nefnir að sumarið 2019 hafi Landhelgisgæslan haft dróna staðsettan á Egilsstaðaflugvelli og var hann nýttur í að sinna eftirliti með austurhluta landsins og gafst mjög vel. Nú í sumar stendur til að gæslan fái öflugra þyludróna frá Siglinga- og öryggisstofnun Evrópu en með þeim fylgja starfsmenn, m.a. flug- og viðgerðarmenn. „Það er áhugi fyrir að prófa þessa þyludróna við krefjandi aðstæður sem þjóðast hér við Íslandsstrendur og við hlökkum til að sjá hvernig þeir koma út,“ segir Ásgrímur.

Framleiðsla sjófatnaðar hjá 66°Norður

snýst um öryggi og umhverfið

Framleiðsla á sjófatnaði hefur ávallt verið fylgt eftir af mikilli ábyrgð hjá 66°Norður þar sem bæði er verið að horfa til umhverfis- og öryggismála. 66°Norður hefur framleitt skjólfatnað fyrir sjómenn og sjókonur frá stofnun fyrirtækisins árið 1926 á Vestfjörðum og hefur sjálfbærni verið kjarni í starfsemiinni allar götur síðan.

„Við erum meðvitund um ábyrgð okkar þegar við framleiðum sjófatnað fyrir þau sem stunda sjó. Góður skjólfatnaður hefur gert líf og starf mögulegt hér á norðurljóðum. Okkar ferlar í framleiðslunni taka mið af umhverfis- og öryggismálum,“ segir Elín Tinna Logadóttir hjá 66°Norður. „Við erum alltaf að huga að sjálfbærni þar sem megináherslan er að draga úr umhverfisáhrifum í framleiðslunni. Okkur er umhugað um sjóinn okkar, náttúruna og að vernda norðurljóðir á tímum þegar umhverfið á undir högg að sækja vegna loftslagsbreytinga,“ segir hún og bætir við að 66°Norður fylgi eftir fjórum heimsmarkmiðum þar sem megin áherslan sé á umhverfisþáttinn.

Fullnýta efnin til að draga úr sóun

Elín Tinna segir að framleiðslan byggji á hringrásarkerfi þar sem fundnar eru leiðir til að fullnýta efnin til að draga úr sóun. „Við erum einnig að vinna að endurnýtingu á efnunum í samstarfi við hönnuði en þar liggur mikil þróun og nýsköpun að baki. Við vinnum sífellt meira með umhverfisvæn efnin sem eru með minna kolefnisspor og hafa þá eiginleika að skaða ekki umhverfið,“ segir Elín Tinna.

Á síðustu árum hefur 66°Norður kortlagt snertiflet fyrirtækisins á umhverfi og samfélag og segir hún að á þann hátt sé mun meira vitað um þau áhrif sem starfsemi hefur.

„Við erum fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá alþjóðlega sjálfbærnivottun B Corp™. Vottunina fá þau fyrirtæki sem hafa



■ Elín Tinna Logadóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækja- og heilðsölusviðs 66Norður.



■ 66°Norður hefur framleitt skjólfatnað fyrir sjómenn og sjókonur frá stofnun fyrirtækisins árið 1926 á Vestfjörðum og hefur sjálfbærni verið kjarni í starfsemiinni allar götur síðan.

uppfyllt hæstu kröfur um samfélagslega og umhverfislega frammistöðu í starfsemi sinni á ábyrgan og gagnsæjan hátt,“ segir hún en vottunin byggir á ítarlegri greiningu B Lab™ á öllum megin snertiflötum starfsemi 66°Norður er varðar samfélags-, umhverfis- og efnahagslega þætti.

Samtal um hönnun sjófatnaðar

Elín Tinna segir að fyrirtækið hafi í gegnum tíðina átt í góðum samskiptum við sjómenn og sjókonur varðandi hönnun á fatnaði. Vinnuaðstæður séu með þeim hætti að klæðin þurfi að standast krefjandi aðstæður.

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá endurgjöf frá fólki sem er að vinna við slíkar aðstæður, bæði á sjó og landi. Við gerum það sama varðandi útivistarklæðnaðinn okkar fyrir jókklaleiðangra, þá fáum



■ Vinnuaðstæður eru með þeim hætti úti á sjó að klæðin þurfa að standast krefjandi aðstæður.

við endurgjöf frá fjallafólki. Ending og gæði skipta sköpum þegar kemur að nýtingu á klæðnaðinum, þetta eru umhverfisvænuustu fötin, þau sem endast til lengri tíma,“ segir hún. Fyrirtækið hugi einnig vel að notagildi vörunnar og hvernig hann virkar og margar flíkur hafi í gegnum árin verið þróaðar með það í huga. Til að tryggja öryggi og endingu skjólfatnaðar á sjó þurfi að huga að efnisvali, gæðum, frágangi og efnunum sem eru notuð og hvernig þau eru hönnuð. „Hönnunarteymið okkar er skipað miklum sérfræðingum í hönnun sjó- og vinnufatnaðar fyrir sjávarútvegsgeirann, enda áralöng reynsla að baki. Það er mikill metnaður innan fyrirtækisins að sinna þessu vel þannig að sjófatnaðurinn okkar sé ávallt í hæsta gæðaflokki.“



Til hamingju með daginn!

Það var árið 1926, á Suðureyri við Súgandafjörð, sem 66°Norður hóf að framleiða sjóklæði.

Við erum stolt af því að geta enn í dag auðveldað íslenskum sjómönnum og fiskverkunarfólki verkin.

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)



■ Svandís Svavarsdóttir fer sem matvælaráðherra með málefni sjávarútvegs í núverandi ríkisstjórn. Hún hefur þegar hrundið af stað vinnu í ráðuneytinu sem lýtur að því að breytingar verði gerðar á fiskveiðilögjöfni.

Mynd: Davíð Þór Guðlaugsson

Vil skapa sátt um sjávarútveginn

Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, er bjartsýn fyrir hönd íslensks sjávarútvegs og segir tækifærin á hverju strái. Hún hefur ýtt úr vör umfangsmikilli vinnu sem miðar að því að skapa sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið. Gera þurfi margar litlar breytingar til að leysa djúpstæðan ágreining í samfélaginu. Hún vill þó ekki kollvarpa kerfinu. „Það gengur ekki til lengdar að bæði séu tilefni og ástæður til að upp byggist tortryggni gagnvart svona stórrí atvinnugrein. Því miður hafa komið upp slík tilfelli á undanförunum árum.“ Þetta segir Svandís, sem er ráðherra sjávarútvegs mála. Svandís tók stöðu matvælaráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna eftir alþingiskosningar í haust en kjörtímabilið á undan gegndi hún stöðu heilbrigðisráðherra.

Óhætt er að segja að lengi hafi staðið styr um íslenskan sjávarútveg; fyrirkomulag veiðanna og ráðstöfun auðlindarinnar. Svandís tekur undir þetta og segir að ágreiningurinn sé djúpstæður. Hún hafi verið lengi í stjórn málum og velt þessum málum fyrir sér. Að hennar mati lúti ágreiningurinn í meginatriðum að tvennu: „Annars vegar er sú skoðun uppi að of mikil samþjöppun hafi orðið á aflaheimildum og of fáir einstaklingar hafi orðið of ríkir. Við það upplifir fólk ranglæti og það er ekki gott veganesti fyrir neina atvinnugrein.“ Útskýrir Svandís og heldur áfram. „Hins vegar er það skoðun stórs hóps að það

renni ekki nægilega mikið fjármagn í sameiginlega sjóði af nýtingu þessarar auðlindar.“

Kerfinu verði ekki kollvarpað
Spurð hvað sé til ráða svarar Svandís því til að hún vilji forðast að kollvarpa núverandi kerfi. Íslenskur sjávarútvegur sé í heild arðbær og skilvirkur. Í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi sé margt gott; stöðugleiki sé ríkjandi í greininni, nýting auðlindarinnar sjálfbær og árangurinn af veiðunum standist alþjóðlegan samanburð. „Það skiptir hins vegar máli að fara í margar litlar aðgerðir til að bæta kerfið,“ segir hún.

Svandís hefur í sínu nýja ráðuneyti þegar gripið til ráðstafana sem miða að því að gera breytingar á fiskveiðilöggjöfni. Í drögum að riti sem ber yfirskriftina „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla“ og er að finna í samráðsgátt stjórnvalda, gefur að líta tímasetta áætlun þar að lútandi. Í ritinu er rakið að ekki hafi tekist að skapa sátt um stjórn fiskveiða þrátt fyrir vinnu fjölmargra nefnda og starfshópa á vegum stjórnvalda í gegnum tíðina.

Ráðherra boðar breytt verklag til að ná þessu markmiði. Í stað einnar stórrar nefndar hyggst ráðherra stofna til opins og gagnsæs verkefnis fjölmargra aðila sem unnið verði að með skipulegum hætti á kjörtímabilinu. Fjöldmenn nefnd, sem ráðherra stýrir, hefur yfirumsjón með starfi fjögurra starfshópa um tiltekin verkefni. Starfshóparnir kallast Samfélag, Aðgengi, Umgengni og Tækifæri og hver þeirra er skipaður þremur til fimm sérfræðingum. Þessum hópum eru falin 24 tölusett verkefni sem snúa að mati á stöðu, áskorunum og tækifærum í sjávarútvegi. Hóparnir eru að hefja störf þessa dagana.

Fyrirhugaðar lokaafurðir þessa starfs eru meðal annars ný heildarlög um stjórn fiskveiða eða ný lög um auðlindir hafsins á árinu 2024 og aðrar lagabreytingar, verkefni á sviði orkuskipta, nýsköpunar og hafrannsóknna, sem og gagnsæi og kortlagning eignatengsla í sjávarútvegi.

Veidigjöld endurskoðuð

Svandís segir að vinna þessara hópa miði meðal annars að því að breyta gjaldtökukerfinu – veiðigjöldunum – með einhverju móti. Hún nefnir að núverandi fyrirkomulag sé þannig að ríkið innheimti afkomutengdar greiðslur sem byggja á veiðum tveimur árum fyrir. „Við innheimtum veiðigjöld á þessu ári sem byggja á aflanum 2020. Þá var til að mynda engin loðnuvertíð. Við er-

um nánast í metári á þessu ári en það kemur ekkert fyrir það í kassann fyrr en 2024, þegar aðstæður kunna að vera gjörbreyttar. Þetta er þess virði að skoða.“

Hún nefnir fleiri atriði sem horfa þurfi til. Mjög miklu máli skipti að í stjórnarskrá landsins sé skýrt kveðið á um að auðlindir séu í eigu þjóðarinnar. „Við getum líka gert miklu betur varðandi milliverðlagningu, gagnsæi vegna tengdra aðila í sjávarútvegi og annað sem snýr að trúverðugleika kerfisins. Það skiptir mjög miklu máli að almenningur – ekki síst fjöldmiðlar – hafi opið aðgengi að öllum gögnum.“ Svandís segir það ekki ganga að aðstæður séu þannig að ástæður og tilefni séu til að tortryggni ríki um svo stóra atvinnugrein.

Allar leiðir skoðaðar fordómalaust

Ein af þeim kröfum sem heyrst hafa í umræðunni um sjávarútveg er að allur aflari á markað. Markaðsleiðin leiði af sér herra verð fyrir fiskinn. Svandís bendir á að þeir sem hafi efasemdir um þetta fyrirkomulag hafi áhyggjur af því að markaðsleiðin tryggi ekki byggðasjónarmið auk þess sem hún komi ekki í veg fyrir samþjöppun. „Það sem skiptir máli er að við horfum fordómalaust á allar þessar leiðir sem hafa verið í umræðunni; hvort sem það er markaðsleiðin eða sú leið sem lýtur að því að grípa fastar inn í með ýmis konar byggðatengdum aðgerðum.“

Hún nefnir að fyrningarleið aflaheimilda hafi líka verið til umræðu, sem og leiðir til að tryggja nýliðun í kerfinu. „Helsti veikleiki kerfisins í dag er skortur á möguleikum til nýliðunar,“ segir Svandís og tekur fram að það sé eitt af því sem til standi að skoða.

Vegur strandveiða verði aukinn

Strandveiðar eru hafnar þetta árið en því kerfi var komið á fót af ríkisstjórn Samfylkingar og VG fyrir 14 árum. Svandís segir þessar veiðar skipta mjög miklu máli. Þær

hafi margháttaða skírskotun. Undir séu félagsleg- og byggðaleg sjónarmið; líf fær-ist á bryggjurnar og í strandveiðum felist möguleikar fólks til að taka þátt í veiðunum. Hún nefnir líka að á strandveiðum verði til verkþekking og að þær geti sameinað kynslóðir. „Ég sé framtíð strandveiða sem öflugan og vaxandi hluta af íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu,“ segir hún.

Heimilt verður að veiða 10 þúsund tonn af þorski á strandveiðum í sumar, sem er heldur minna en í fyrra. Vegna skerðingar aflamarks hefur hlutfall strandveiða þó aldrei verið hærra. Strandveiðar standa yfir í fjóra mánuði, frá maí og út ágúst, en í fyrra kláraðist potturinn 18. ágúst, áður en hægt var að fullnýta dagana 48. Þessu fyrirkomulagi fylgir innbygggt óréttlæti á milli landshluta, þar sem þorskur gengur til dæmis ekki að landi á Norðausturlandi fyrr en vel líður á júlí. Þá er besti tíminn fyrir vestan land yfirstaðinn. Svandís segist meðvituð um þetta óréttlæti.

„Við viljum sjá til þess að hægt verði með einhverju móti að auka jafnræði á milli svæða. Þar horfum við helst á norðaustursvæðið.“ Hún bætir hins vegar við að þetta sé vandasamt verk og áréttar að hlutur strandveiða sé meiri nú en áður, þó ákveðnar ástæður séu fyrir því að á endanum hafi verið hægt að veiða meira í fyrra. „Þetta er sú þróun sem ég myndi vilja sjá. Ég sé fyrir mér að strandveiðar verði vaxandi hluti. Minn hugur stendur til þess að þetta verði styrkt og að við nýtum það sem til fellur í þágu strandveiða.“

Annar þáttur félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins er byggðakvótinn. Saman fá þessi kerfi 5,3% aflamarks þorsks en nokkuð hefur borið á óánægju með hvernig byggðakvótanum er úthlutað. Svandís segir mikilvægt að skoða gaumgæfilega hvort þessi kerfi nái þeim markmiðum sem að er stefnt, þegar kemur að byggðasjónarmiðum. „Það þarf að

”

Það gengur ekki til lengdar að bæði séu tilefni og ástæður til að upp byggist tortryggni gagnvart svona stórrí atvinnugrein. Því miður hafa komið upp slík tilfelli á undanförunum árum.“

skoða hvort byggðapottarnir séu raunverulega að nýtast byggðunum eða hvort þeir nýtast einhverjum öðrum sjónarmiðum.“ Hún nefnir umræðu um að byggðakvótinn renni til stöndugra útgerða en einnig umræðu um vinnsluskyldu. „Við sjáum líka að byggðakvóti Byggðastofnunar hefur verið að nýtast misvel fyrir viðkomandi svæði. Við gætum líka talað um línuvinnun, rækju- og skelbætur og auðvitað þá staðreynd hversu vel strandveiðarnar hafa nýst.“

Hún segir tvennt koma til álita. „Annars vegar að horfa til þess að færa aflaheimildir á milli kerfa í félagslega hlutanum og endurmeta regluverkið í kringum hvern lið fyrir sig. Hins vegar að auka í fyllingu tímans hlut þessara félagslegu úrræða innan kerfisins. Minn hugur stendur til þess og það er stefna okkar í VG. Þá verður líka að tryggja að þessi kerfi séu í raun að ná þeim markmiðum sem að var stefnt.“ ▼



Stólpi Gámar fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaáðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

www.stolpigamar.is



Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagöðum 5 | 104 Reykjavík

Boðar breytingar á grásleppuveiðum

Grásleppusjómenn voru í vor staðnir að verki við brottkast á þorski. Þeir eru milli steins og sleggju; geta hvorki landað þessum meðafla né hent honum. Ráðherra segir þetta gott dæmi um kerfi sem ekki þjóni markmiðum sínum. Einn af hornsteinum fiskveiðistjórnunarkerfisins sé að tryggja ábyrga umgengni við fiskistofna. Ljóst sé að skýrari veiðistjórnun þurfi að koma til vegna grásleppuveiða. Hún segist hins vegar ekki hafa myndað sér skoðun á því hvort gefa eigi út kvóta á grásleppu. Þar takist ólík sjónarmið á. „Það mun væntanlega koma í ljós á haustdögum með hvaða hætti það verður gert.“

Svandís segir brýnt að gera breytingar þegar í kerfinu eru innbyggðir hvarar til að umgangast fiskistofna ekki af ábyrgð. „Við höfum fleiri dæmi um þetta en því miður eru alltof mörg dæmi um brottkast á miðunum. Það er mjög alvarleg hlið á okkar kerfi.“

Hún bætir við að fyrir þinginu liggi nú frumvarp sem skjóti styrkari lagagrundvelli undir drónaefirlit Fiskistofu. Hún tekur skýrt fram að afar mikilvægt sé að efla drónaefirlit utar á miðunum, til dæmis frá skipum Landhelgisgæslunnar. Eftirlitið eigi ekki að vera bundið við smábáta á grunnslóð.

Vísindaleg ráðgjöf umfram fiskifræði sjómannsins

Óhætt er að segja að bolffiskveiðar við Íslandsstrendur hafi gengið vel á fiskveiðiárinu þrátt fyrir að aflamark hafi verið skert í upphafi fiskveiðiársins. Aflatölur hafa endurspeglad þá tilfinningu sumra sjómanna að sjórinn við Íslandsstrendur sé fullur af fiski. Svandísi hugnast þrátt fyrir það ekki að fiskifræði sjómannsins fái aukið vægi við mat á veiðipóli.

„Mín afstaða er alveg skýr hvað þetta varðar. Við eigum að fara að vísindalegrí ráðgjöf. Við eigum að tryggja að Hafrannsóknastofnun sé vel búin til að sinna bæði vöktun og grunnrannsóknunum á fiskistofnum þannig að við séum með traustar forsendur og undirstöður fyrir veiðiráðgjöfinni,“ segir Svandís og heldur áfram. „Það skiptir ekki síður máli að Hafró geti sinnt breytingum á hafinu í ljósi loftlagsbreytinga. Það er mjög mikilvægt út frá vistkerfum sjávar og þar með þeirri varúðarreglu sem við þurfum að hafa að leiðarljósi til að tryggja öryggi og vísindalega ráðgjöf. Ég hef verið mjög hörð á því að við getum ekki leyft okkur að víkja frá því að hafa þekkingu og rannsóknir til grundvallar þegar við tökum ákvarðanir um aflaheimildir.“

Ný verndarsvæði í hafi

Úr því talið berst að umhverfismálum er ekki úr vegi að ræða áhrif ólíkra veiðarfæra á umhverfið. Nú í apríl bærust fregnir af togveiðum íslenskra skipa á hrygningarsvæðum síldarinnar auk þess sem í vetur kvörtuðu sjómenn smærri báta yfir togveiðum á grunnslóð út af Garðskaga. Þessi umræða er ekki ný af nálinni.

Svandís segist kalla eftir upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun þegar upp komi mál af þessum toga. Stundum sé fótur fyrir þessum fregnum en stundum ekki. „Við



”

Við getum líka gert miklu betur varðandi milliverðlagningu, gagnsæi vegna tengdra aðila í sjávarútvegi og annað sem snýr að trúverðugleika kerfisins. Það skiptir rosalega miklu máli að almenningur – ekki síst fjölmiðlar – hafi opið aðgengi að öllum gögnum.“

■ Tæknivæðing hefur aukist mikið í sjávarútvegi síðustu ár. Ráðherrann er þess fullviss að mörg tækifæri séu fyrir hendi í vöruþróun og fullvinnslu sjávarafurða. Þannig muni Ísland áfram verða sóma á sjávarútvegssviðinu á alþjóðlega vísu.

Mynd: Davíð Þór Guðlaugsson

Hvalveiðum verði hætt



Hvalveiðar eru að hefjast að nýju við Íslandsstrendur eftir fjögurra ára hlé. Svandís hefur áður lýst efasemdum sínum um veiðarnar.

„Í því ljósi hef ég ákveðið að gerð verði þjóðhagsleg úttekt á því hvort réttlætanlegt sé að reglugerðin um hvalveiðar verði framlengd þegar hún fellur úr gildi,“ segir hún um málið en núverandi reglugerð sem heimilar hvalveiðar rennur út í lok árs 2023.

Spurð hvernig þessar veiðar samrýmist hagsmunum landsins og þeirri ásýnd sem við viljum skapa út á við, sem hún lýsir hér í viðtalinu, svarar Svandís því til að hún vilji að hvalveiðum verði hætt við Ísland.

„Persónulega og pólitískt þá er ég þeirrar skoðunar að hvalveiðar við Ísland eigi að heyra sögunni til. En til að undirbyggja þá ákvörðun þarf ég að styðja mig við úttekt og röksemdir.“

þurfum hins vegar að vera meðvituð um að við erum hluti af alþjóðlegum samningum um líffræðilega fjölbreytni. Við eigum að fara þá leið að náttúran njóti vafans og það gildir þarna.“

Hún segist vilja leggja aukna áherslu á verndarsvæði í hafi – þar hafi Íslendingar dregist aftur úr. „Við höfum mikla möguleika þar, bæði á kóralsvæðum og uppeldissvæðum mikilvægra stofna. Við eigum að gera miklu betur og við erum þegar komin með nokkur svæði á teikniborðið þar sem hægt er að koma á almennri vernd frá nýtingu. Þarna skiptir máli að við leggjum okkar af mörkum.“

Olíunotkun íslenskra og erlendra fiskiskipa í íslenskrri lögsögu stendur að baki nærri fimmtungi af losun gróðurhúsalofttegunda með beinni ábyrgð Íslands. Töluverður samdráttur hefur orðið á losuninni sem drifinn er áfram af

hampidjan.is

STÖÐUG VÖRU- ÞRÓUN

*er kjarninn
sem við
byggjum á.*

**Við erum
á Íslensku
sjávarútvegs-
sýningunni
“IceFish”
í Smáranum.
8.-10. júní**

**Sýningarsvæði
D-50**

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Veðarfæri eru okkar fag



Þessi félagslegu- og byggðatengdu sjónarmið eru mér líka ofarlega í huga. Við eigum þar mörg tækifæri í nýsköpun og þróun, í sátt við umhverfið og byggðirnar. Þannig að ég held að ég sé að sumu leyti sem ráðherra sjávarútvegsmála mjög bjartsýn fyrir hönd greinarinnar.

hagræðingu í greininni og endurnýjun skipa. Samkvæmt drögum að nýrri eldsneytisspá Orkustofnunar mun olíunotkun fiskiskipa við Ísland enn dragast saman um 6% frá 2020 til 2030. Þá hafa háspennutengingar fyrir uppsjárarskip verið settar upp í sumum höfnum landsins, til að draga úr olíunotkun og mengun skipanna við löndun.

Svandís segir aðspurð að það verði krefjandi verkefni að hafa orkuskipti í sjávarútvegi. „Við höfum sett ákveðna hvata í skattkerfið varðandi nýsköpun og þróun í nýjum skipum, sem flýtt geta fyrir orkuskiptum,“ segir Svandís en bætir við að annars staðar séu aðgengilegri möguleikar á að hraða orkuskiptum en í sjávarútvegi. „Ég treysti því bara að metnaðarfullur íslenskur sjávarútvegur, sem skilar miklum hagnaði og er með sterka stöðu, sé viljugur til að taka fullan þátt í að taka hröð og örugg skref að



■ Strandveiðibátar í höfn. „Ég sé fyrir mér að strandveiðar verði vaxandi hluti. Minn hugur stendur til þess að þetta verði styrkt og við nýtum það sem til fellur í þágu strandveiða,“ segir Svandís.

orkuskiptum.“ Hún segist fagna fregnum af verkefnum minni útgerða – jafnvel strandveiðibáta – sem dæmi séu um að hafi farið í tveigingsvélur og jafnvel rafknúna mótora. „Þetta er allt partur af ábyrgri umgengni okkar við umhverfið.“

Bjartsýn fyrir hönd greinarinnar

Svandís er sem fyrr segir á sínum fyrsta vetri í nýju ráðuneyti. Spurð hvaða áhrif hún vilji hafa á íslenskan sjávarútveg nefnir hún fyrst þá vinnu sem fram undan er og lýst er hér að framan. Það sé brýnasta verkefnið í hennar huga. Þar skipti miklu máli að vinna verkefnið í sátt við hagsmunaaðila, almenning og pólitíkina. „Við viljum hafa það

samráð opið fyrir almenningi, bæði sýnilegt og gagnsætt,“ áréttar hún.

Svandís er líka ofarlega í huga að tryggja ábyrga umgengni við auðlindina enda tilheyrir hún flokki sem kennir sig við umhverfisvernd. Hún vill að varúðarregla og viskerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi í hverju skrefi. „Þessi félagslegu- og byggðatengdu sjónarmið eru mér líka ofarlega í huga. Við eigum þar mörg tækifæri í nýsköpun og þróun, í sátt við umhverfið og byggðirnar. Þannig að ég held að ég sé að sumu leyti sem ráðherra sjávarútvegsmála mjög bjartsýn fyrir hönd greinarinnar. Ég held við eigum mörg tækifæri í vöruþróun, á fullvinnslu sjávaraf-

urða og því að vera áfram til sóma á alþjóðlega vísu,“ segir Svandís.

Svandís er líka kappsmál að tryggja aðgengi að menntun í sjávarútvegi og tengdum greinum á fleiri skólastigum, til dæmis á framhaldsskólastigi. „Ég held við eigum alla möguleika á því sem ríki sem er mjög tengt hafinu. Það skiptir mjög miklu máli að halda öllum þessum hlíðum haftengdra mála samtengdum; utanríkis- málum, umhverfismálum og sjávarútveg- málum. Við þurfum að tvinna þetta saman svo Íslendingar geti áfram verið stoltir af stefnumörkun og áherslum sínum í málefnum hafsins.“



Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111



YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite
MOTOR



Poly Flex
AUSTRALIA



Navalloy



MAESTRINI




SIMRAD

Tækniþúnaður og tækniþjónusta



Sjálfstýringar




Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri



Radarskannar

Radarskjáir

Botnstykki

Dýptarmælur

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannadaginn.



**VIÐ GERUM
ÚT Á GÓÐA
ÞJÓNUSTU**



Héraðsprent

FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn
Norðfjarðarhöfn
Eskifjarðarhöfn
Mjóeyrarhöfn
Reyðarfjarðarhöfn
Fáskrúðsfjarðarhöfn
Stöðvarfjarðarhöfn
Breiðdalsvíkurhöfn



**Gleðilega
sjómanna-
dagshátíð!**



FJARÐABYGGÐ
www.fjardabyggd.is

„Mér líður best úti á sjó“

Játvarður Jökull Atlason hefur starfað á sjónum í um 17 ár, eða frá því hann var unglingur. Þrátt fyrir það hefur hann aldrei stundað fiskveiðar. Hann er reynslumikill þangskurðarmaður og hefur verið með eigin rekstur, ásamt félaganum sínum, við þá iðju undanfarin ár. Játi býr ásamt eiginkonu sinni, Aldísi Elínu Alfreðsdóttur og börnum í Dölnum. Þau ákváðu í haust að breyta til og festa kaup á smábát. Hraðgengur Flugfiskur varð fyrir valinu en kaupin voru gerð með það fyrir augum að Játi reyndi fyrir sér á strandveiðum. Blaðamaður Sóknarfæra slóst í för með Játa í sínum fyrsta róðri, þann 4. maí síðastliðinn.

Svaf lítið um nóttina

Játi var með bátinn á Reykhólum í vetur en sigldi yfir Breiðafjörðinn um morguninn til að hefja veiðar frá Stykkishólmi. Þar eru miðin betri og þjónusta við útgerðarmenn góð. „Ég svaf lítið í nótt fyrir spennungi,“ viðurkennir Játi við blaðamann þegar hann setur í gír og leggur frá bryggju í Stykkishólmi, á þessum fyrsta degi veiða. Eftirvæntingin er mikil, það leynir sér ekki. Í þetta sinn skipta sjávarföll og þang ekki máli. Nú skal rennt fyrir fiski.

Klukkan er hálf níu þegar við siglum út úr fallettri höfninni. Veðrið er nokkuð gott, eftir norðaustan fræsing í nótt, og aldan að minnka. Spurður hvert förinni sé heitið svarar Játi því til að hann sé ekki alveg viss. „Ég er með einhverja punkta en ég ætla að hringja aðeins í Kára,“ segir hann og tekur upp símann. Kári, sem er æskuvinur hans og samstarfsfélagi um árabíl, býr í Hólminum og þekkir miðin eins og lófann á sér.

Samtalið er stutt. „Við erum að fara suður fyrir Selsker. Það er einn þar kominn með kar af fiski í morgun,“ segir hann og gefur bátinum inn. Það er góð regla fyrir byrjendur að elta þá uppi sem reynsluna hafa og þá sem eru að



■ Játi og Hafdís að loknum fyrsta róðrinum.



■ Skipstjórinn hringir í vin til að fá fiskifréttir að morgni.

fá'ann. Tæknin hefur formlega kvatt tíma leyndarmála og leynibletta. Meginreglan er sú að menn hjálpa hvorum öðrum.

Þurfti á tilbreytingu að halda

Báturinn heitir Hafdís BA og planar nokkuð fimlega á rúmlega 20 mílum. „Ég þurfti á tilbreytingu að halda frá mínu fyrra starfi, sem þangskurðarmaður,“ útskýrir Játi á útstíminu og bætir við. „Ég er búinn að vera í þanginu með hléum frá 16 ára aldri – og er 33 ára í dag.“

En hvers vegna strandveiðar en ekki vinna í landi? Var hann ekki orðinn leiður á sjómennskunni? „Nei, mér líður best úti á sjó. Ég vil ekki vinna á skrifstofu eða eitthvað þvíumlíkt. Ég hef gaman að því að gera út báta og það liggur vel fyrir mér,“ útskýrir hann og rýnir í plotterinn. Jú, við erum á rétttri leið.

Það má til sanns vegar færa að það liggir vel fyrir Játa að vinna við báta. Hann standsetti bátinn sjálfur, eftir að hafa keypt hann frá Patreksfirði síðastliðið haust. Hann tók upp vélina, skipti um rafgeyma, alternatora og barka í lensidælur, svo eitthvað sé nefnt. „Ég er vanur svona bátabransi,“ segir Játi, sem kann ef til vill best við sig útataður í smurólú. Hann hefur líka lært rafmagn og sú þekking nýtist honum vel. „Ég þurfti að taka vélarrýmið alveg í gegn, tók vélina úr og fór yfir allt. Ég málaði og gerði fint,“ bætir hann við.

Eftir um 40 mínútna siglingu sjáum við mikið fuglager á stjórnborða. „Þar sem er fugl, þar er fiskur,“ segir blaðamaður við Játa og leggur til að færin verði nú bleytt. Þrjár handfærarúllur eru uppsettar á Hafdís, ein DNG 5000-rúlla en tvær gamlar gráar. Sænska rúllu á hann til vara. „Þær áttu að vera í lagi,“ segir Játi sposkur um leið og hann slær þeim inn. Það mökklóðar undir gerinu en þegar rúllurnar koma ítrekað upp með smáþorsk, án þess að ná botni, verður úr að við höldum för okkar áfram. Fiskurinn er fullur af síli.

RAFTÍÐNI EHF

Sími 552 8710

raftidni@raftidni.is

rafvélaverkstæði - vindingar
skipaþjónusta - raflagnir - viðhald

Grandagarður 16 · 101 Reykjavík

Lóðar undir Selskeri

Eftir um klukkutíma siglingu frá Stykkishólmi nálgumst við Selsker, sem er norðan Grundarfjarðar, og sjáum glitta í handfærabáta. „Hér er þetta,“ segir hann og slær af. Og um leið fer að lóða. „Prófum að renna hér, hvernig líst þér á það?“ spyr Játi sem hefur mikla reynslu af því að sigla á milli skerja í Breiðafirði, en minni reynslu af fiskveiðum og handfærarúllum. Þar gæti reynsla blaðamanns nýst honum eitthvað.

Við hendumst út á þilfar og fleygjum út sökkunum, enda fátt meira spennandi en að renna niður færri að morgni yfir þéttu lóði á dýptarmæli. Og viti menn, sá guli fer að bita. Tvær af rúllunum þremur veiða vel en sú þriðja lætur illa og þarf stöðugt eftirlit. Þrátt fyrir það höfum við varla undan, tveir. Hér er nægur fiskur, svolítið blandaður að stærð, en bjartur og fallegur. Viðtalinu er frestað á meðan nóg annað er um að hugsa.

Um klukkutíma síðar og hálfu öðru kari af ágætum fiski dregur snögglega úr veiðinni. Okkur hefur rekið töluvert og erum komnir vesturfyrir aðra báta á svæðinu. Við færum okkur því aftur á þær slóðir sem við byrjuðum. Eftir rólega byrjun á þessu öðru reki fer þorskurinn að eltast við krókana á nýjan leik. Við verðum hvorki varir við ufsa né aðrar tegundir.

Það getur verið vandasamt að áætla hvenær 774 kílóum af óslægðum þorski er náð en þegar kórin tvö í lestinni eru yfirfull og ískarið hálf er það samdóma mat skipstjóra og háseta að skammtinum hafi verið náð. Afliinn er blandaður; þriðjungur fisksins er smár en góður þriðjungur stór.

Frábær byrjun

„Þetta gekk nú bara nokkuð vel,“ segir glaðbeittur skipstjórinn á landstíminu. Öðru er ekki hægt að halda fram. Hver einasti strandveiðimaður á landinu yrði ánægður með að ná skammtinum á þremur tímum; hvað þá nýliði í greininni á fyrsta degi. Tvær rúllur af þremur virkuðu allan tímann en ein þarfnast yfirferðar. Vélslær ekki feilpúst og báturinn gengur rúmar 20 mílur með skammtinn, eins og vonir höfðu staðið til um. Útgerðarmaðurinn má vera ánægður og það er hann líka. Raunar hefur kappið verið slíkt að þegar sökkunum er kippt inn fyrir borðstokkinn rennur upp fyrir blaðamanni að skipstjóranum hefur ekki gefist tími til að fara í stígvélin, hvað þá sjógallann. Hann hefur snarað skammtinum inn fyrir borðstokkinn á striga-skóm og hettupeysu!

Ef Játi hyggðist landa í heimabyggð yrði hann að aka fiskinum sjálfur á markað á Hólmavík. Hann ætlar þess vegna að gera út frá Stykkishólmi, í það minnsta fyrst um sinn. „Á meðan það er fiskur í færi við Stykkishólm þá verð ég þar. Annars fer ég eitthvað annað,“ segir hann.

Þegar löndun og þrífum er lokid er dagurinn gerður upp á bryggjunni. „Þetta er dálítið meira at en ég átti von á,“ segir hann, spurður hvernig hann hafi upplifad veiðarnar. „Maður gleymir sér í þessu þegar hann er að taka fiskurinn. Það er mikið að gera og maður er kominn með kar af fiski áður en maður veit af,“ segir Játi og bætir við að lokum. „Þetta er mjög skemmtilegt.“



■ Játi kann vel við sig ofan í vélarrúmi. Hér herðir hann á barkanum fyrir oliúgjöfina.



■ Skammturinn var kominn þegar ískarið var orðið hálf.

KLÁRIR Í BÁTANA



Gleðilega
sjómanna-
dagshátíð!

Tudor rafgeymar • Traust gæði í 40 ár



Lokaðir Síru

Hleðslutæki

12 eða 24v í mörgum stærðum

Purrir AGM

TUDOR  **SKORRI**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • 577-1515 • **NÝTT** Vefverslun: www.skorri.is

Jóhann G. Sævarsson öryggisstjóri Samherja

Jákvætt viðhorf er lykillinn að sterkri öryggismenningu

„Við trúum því staðfastlega að gerlegt sé að koma í veg fyrir slys og vinnum út frá því markmiði í góðri og þéttri samvinnu við starfsfólk,“ segir Jóhann G. Sævarsson öryggisstjóri Samherja á Akureyri. Viðhorf til öryggis- og vinnuverndarmála segir hann almennt hafa breyst til rétrar áttar, þar skipti mestu samstaða og vilji allra til að gera eins vel og kostur er á sviði öryggismála. „Það gefur rétta tóninn og er lykillinn að sterkri öryggismenningu og þeim góða vinnustaðanda sem er svo eftirsóknarverður.“

Jóhann segir að framlag starfsmanna sem sýna gott fordæmi þegar að öryggismálum kemur hafi í raun meiri áhrif en þá eflaust sjálfa grunar. „Við viljum umfram allt nýta okkur þetta góða framlag okkar fólks til að skapa jákvæð viðhorf og ná þar með enn meiri árangri þegar kemur að öryggismálum. Öflugasta leiðin til vaxtar og velgengni er einmitt stöðug uppfærsla þekkingar, lausna og hugmynda og þessar leiðir nýtum við okkur sem kostur er,“ segir Jóhann.

Allir rói í sömu átt

Jákvætt viðhorf til öryggismála og áhugi á að standa sig vel í þeim efnun smitast út um allt fyrirtækið. Það hafi góð áhrif á andlega heilsu starfsmanna, „sem finna fyrir því að okkur er ekki sama um hvert annað og viljum að allir rói í sömu átt til að ná settum markmiðum. Þegar upp er staðið er það öllum til heilla. Fyrir okkur er mikilvægt að öryggismálin innan fyrirtækisins séu öflug, að starfsfólkið hafi jákvæð viðhorf og sýni samstöðu þegar að þessum málaflökki kemur. Þannig ná þau gildi að skapa gott orðspor og ímynd langt út fyrir fyrirtækið og það er á allan hátt eftirsóknarvert,“ segir hann.


Áhafnir skipa hafa tekið öryggismálin alvarlega

Starfsemi Samherja er fjölbreytt en Jóhann segir sama hvort talad sé um landvinnu, fiskvinnslu eða flotann, viðhorf hafi með tíð og tíma breyst á öllum starfstöðvum þegar kemur að öryggis- og vinnuverndarmálum.

„Það hefur verið góð tilfinning að sjá öryggismenningu fyrirtækisins fara stigvaxandi eftir því sem þekking og vísýni eykst. Áhafnir okkar skipa hafa allar tekið öryggismálin alvarlega og lyft öryggismenningu á hærra stig en áður var. Um borð trúa menn því að hægt sé að koma í veg fyrir slys með réttum vinnubrögðum, fyrst og fremst þurfi forgangsroðun að vera rétt til að árangur náist í þeim efnun. Menn vita líka að með því að setja sjálfir gott fordæmi er unnt að hafa jákvæð áhrif á allt um-



■ Jóhann G. Sævarsson öryggisfulltrúi Samherja.



■ Vilhelm Þorsteinsson EA að dæla loðnu úr nóttinni.

Mynd: Samherji / Björn Steinbekk



■ Björn Már Björnsson annar stýrimaður og öryggisfulltrúi á Vilhelm Þorsteinssyni og Jóhann G. Sævarsson öryggisfulltrúi Samherja með rafrænu öryggishandbókina.

einnig verið í ríkum mæli horft til þess að gera aðbúnað áhafna betri og öruggari. „Það hefur margt áunnist í gegnum árin, en verkefnum okkar sem sinna öryggismálum lýkur aldrei. Við vitum að alltaf er hægt að gera aðeins betur og að því vinnum við alla daga,“ segir Jóhann.

Skráning slysa mikilvæg

Öll slys sem verða eru skráð og rannsökuð með það að markmiði að fyrirbyggja slík slys til framtíðar. „Einhvers staðar stendur að þeir sem ekki muna fortíðina séu dæmdir til að endurtaka hana en það viljum við að sjálf-sögðu ekki upplifa í öryggismálum. Það væri ófyrirgefanlegt ef við fengjum vitneskju um hættu í vinnuumhverfinu og gerðum ekki neitt til að tryggja öryggi fólks. Ef upp koma atvik sem ógna öryggi eru þau skráð og atvikalýsing send á önnur skip í Samherjaflotanum, þannig að hægt sé að gera mögulegar úrbætur. Við erum ekki ánægð fyrir en áhættunni hefur verið útrýmt eða að minnsta kosti dregið verulega úr henni.“

Rafræn öryggis- og þjálfunarhandbók

Fyrir á þessu ári var rafræn öryggis- og þjálfunarhandbók virkjuð um borð í uppsjávarskipi Samherja, Vilhelm Þorsteinssyni EA. Hún er jafnframt fyrsta rafræna öryggis- og þjálfunarhandbókin sem gefin er út fyrir skip í íslenska fiskiskipaflootanum. Rafræn handbók hefur meðal annars þá kosti umfram prentaða bók að hún uppfærast stöðugt.

„Ég lít á þessa bók sem góða og mikilvæga fjárfestingu til framtíðar, sem staðfestir einnig vel framsýni og velvilja eigendanna sem og allra til öryggismála. Bókin mun sannarlega senda sterk og mikilvæg skilaboð til allra og mun án efa efla enn frekar þá sterku öryggismenningu sem hefur verið að byggjast upp innan fyrirtækisins síðustu árin.“

Slysavarnaskóli sjómanna hefur haft mikil áhrif

Jóhann nefnir að það starf sem unnið hafi verið á vegum Slysavarnaskóla sjómanna í gegnum árin sé órjúfanlegur þáttur í þeim árangri sem náðst hefur í öryggismálum. Starf skólans hafi haft mikil áhrif á greinina og valdið gríðarlegum breytingum á viðhorfi til öryggismála. Stórt skref hafi verið tekið þegar stjórnvöld lögfestu öryggisfræðslu áhafna íslenskra skipa árið 1991 og bættu við endurmenntunarkröfu í öryggisfræðslu fyrir sjómenn árið 2003.

hverfið í kringum sig. Með þeim hætti ávinnst svo margt. Þessir leiðtogar eru yfirleitt mun meiri áhrifavaldar en þá sjálfa grunar. Þeir hafa ekki einungis áhrif á öryggis- og vinnustaðamenningu um borð í sínum skipum, heldur breiðast þau út um allt fyrirtækið.“

Alltaf hægt að gera aðeins betur

Almennt segir hann að slysum hafi fækkað og komi þar m.a til betri tækni og annars konar skipulag. Framfarir í smíði fiskiskipa á liðnum árum hafi sem dæmi ekki eingöngu snúist um að fiska meira og gera skipin hagkvæmari í rekstri, heldur hafi

Til hamingju með daginn sjómenn

Við þökkum samstarf liðinna ára og
sendum sjómönnum og landsmönnum
öllum heillaóskir í tilefni dagsins.

marel.com

Cortec tæringarvarnir lengja líftíma búnaðarins

Allir þekkja að ryð og tæring ógna mannvirkjum og tækjabúnaði úr stáli, á landi sem á sjó. Þegar tæring er á annað borð komin af stað er erfitt að grípa inn í ferlið og ef geyma þarf tæki eða vélar um lengri tíma skiptir miklu máli hvernig að því er staðið ef ætlunin er að búnaðurinn verði nothæfur eftir geymslu. Cortækni ehf. er nýtt fyrirtæki á íslenskum markaði sem býður lausnir á þessu vandamáli sem tryggja að hægt er að verja búnað, vélar og rafbúnað fyrir ryði og tæringu. Þannig er raunverulega hægt að lengja líftímann til muna.



■ Mjög mikilvægt er að verja viðkvæma vélarhluti vel í flutningi og geymslu.

Tæringu og ryði haldið frá

„Upphafið að þessu er að ég komst fyrir nokkrum árum í kynni við bandarísku Cortec vörurnar í gegnum vinnu á olíuborþöllum í Norðursjó. Þar hafa tæringarvarnir frá Cortec verið notaðar með góðum árangri frá árinu 1996 og eftir að hafa séð kosti Cortec efna í olíu iðnaði þar sem öflug viðhaldskerfi eru notuð til að lengja líftíma véla og mannvirkja sem mest ákvað ég að hefja innflutning og markaðssetningu hér á landi,” segir Jón Rúnar Sigurðsson, eigandi Cortækni ehf. sem hóf starfsemi árið 2019.

„Cortækni býður heildarlausnir frá Cortec í tæringarvörnum fyrir iðnað, t.d. stóriðju, iðnfyrirtæki, sjávarútveg og allan iðnað þar sem máli skiptir að meðhöndla stál og tæki með tæringarvörnum. Sem dæmi er þekkt í olíu iðnaði í Noregi að það þarf að geyma tækjabúnað í talsverðan tíma utandyra milli verkefna og þá skiptir miklu máli að geta gengið að honum í sama ástandi



■ Veðrun og umhverfi hefur mikil áhrif á stál. Hægt er að verja búnað sem er í notkun til að koma í veg fyrir að ryð og tæring nái fótfestu í stálinu.

og þegar hann var notaður síðast. Þar koma vörurnar frá Cortec til sögunnar,” segir Jón en auk þess að varðveita stál með þessum hætti eru efnin einnig notuð til að vernda rafbúnað. Efnin eru ekki eingöngu notuð utan á vélar og

búnað heldur eru efni frá Cortec einnig framleidd til að vernda vélar að innanverðu og segir Jón að VpCi tækni Cortec sé einstök þar sem hún verndi bæði í snertingu við málminn og í gufufasa. Verndunareiginleikar efnanna hafi samt



■ Vélbúnaður tilbúinn til geymslu í lengri tíma. Hér er búið að verja búnaðinn með þar til gerðum efnum frá Cortec og pakka inn í plast.



■ Jón Rúnar Sigurðsson, eigandi Cortækni ehf.

ekki áhrif á smureiginlega olíunnar í vélunum.

Umhverfisvænar lausnir

Í þeim tilfellum þegar geyma á tæki til lengri tíma er efni frá Cortec úðað yfir þau, tækjunum

þakkað inn í Cortec VpCi plast ef þau eiga að standa lengi og þau á þann hátt fullkomlega einangruð frá andrúmsloftinu og tæring útlökuð. Møguleikarnir í því sem Cortækni býður á markaðnum eru afar fjölbreyttir.

„Okkar lausnir eiga víða við í iðnaði á Íslandi og ekki síst í sjávarútvegi. Ég get nefnt sem dæmi krana á skipum og ýmsan vélbúnað, sem og tæringarvarnir á tönkum. Við bjóðum til dæmis efni sem má blanda saman við vatn við þrýstiprófun og líka spreypa sem þurrerfni í tanka og rör skipa og ryðverja þannig. Sum af þessum efnum má síðan skola út í sjó því þau eru vistvæn. Í sumum iðnaði er þekkt að nota syrun til að hreinsa út efni sem vilja setjast inn í rör og tanka [scale]. t.d. í orku iðnaði, en lausnirnar frá Cortec fyrir slík verkefni eru umhverfisvænar,” segir Jón.

Líftími búnaðar lengist

Almennt segir Jón að sú hugsun mætti vera ríkari í íslenskum iðnaði að verja tækjabúnað betur og lengja þannig líftímann. „Mér finnst hugsunin oftast þannig að það sé reiknað með að skipta um þegar tæki eru orðin illa farin en ekki að verja búnaðinn svo að hann geti enst sem allra lengst. Sá valkostur er hins vegar alltaf sá hagstæðasti. Það eru í boði lausnir í okkar vörum fyrir bæði tækjabúnað sem er í notkun og búnað sem ætlunin er að geyma eða til flutninga,” segir Jón Rúnar.

„Á Íslandi búum við víða við mikið tæringaralag, veður og seltu og því ætti að huga meira að því að verja búnað fyrir tæringu til að lengja líftíma hans. Yfirborðsryð og tæring getur farið hratt af stað við réttar aðstæður og sem dæmi hafa varahlutir verið verndaðir með Cortec áður en þeir eru sendir út á land til að tryggja að upprunalegt ástand haldist óbreytt í flutningum. Hugsunin að baki er sú að tryggja að hluturinn sé í fullkomnu ástandi þegar hann kemur á leiðarenda og markmiðið er að sjálfstöðu að tryggja langa endingu,” segir Jón Rúnar.

Hágæða vörur fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í yfir 30 ár



HNÍFALOKAR · RENNILOKAR · SPJALDLOKAR · KEILULOKAR · SÍÐULOKAR
BOTNLOKAR · EINSTEFNULOKAR · KÚLULOKAR · SÍUR · RENNSLISMÆLAR

VK vörukaup

Metnaður og þjónusta í þína þágu

LAMBHAGAVEGI 5 · 113 REYKJAVÍK · SÍMI 516-2600 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is

cortækni.is

MAÍ 1973



Við tökum útstímið með ykkur.
Til hamingju með Sjómannadaginn!

Nýtur hvers dags í strandveiðinni

Bragi Fannar Þorsteinsson rær á Snjólfí SF-65 frá Höfn í Hornafirði á sumrin og hefur atvinnu af harmonikkuspili fyrir heldri borgara á veturna

„Þegar nær dregur fyrsta degi strandveiðitímabilsins fer fiðringurinn hjá mér vaxandi með hverjum deginum. Þetta er bara svo ofboðslega gaman,“ segir Bragi Fannar Þorsteinsson, strandveiðimaður á bátum Snjólfí SF-65 á Höfn í Hornafirði. Hann er á sínu áttunda strandveiðitímabili þó ekki sé nema þriðugur að aldri og sjötta tímabili sem hann er einn með bátinn. Veidarnar hjá Braga Fannari gengu mjög vel í fyrri, aflinn hjá honum var 46,2 tonn í 41 róðri og var Snjólfur SF annar aflhæsti strandveiðibátur sumarsins 2021. Bragi Fannar segir markmiðið alltaf að gera sitt besta og þó strandveiðarnar séu á vissan hátt keppni þá sé hann aldrei að keppa við neinn annan en sjálfan sig.

Ætlaði alls ekki í sjómennskuna!

Strandveiðibátinn Snjólfur SF á Bragi Fannar í félagi við tvíbura-bróður sinn, Andra Snæ og föður þeirra, Þorstein Gunnarsson sem er skipstjóri á togskipinu Skinney SF á Höfn. Bragi Fannar segist hafa verið umvafinn sjómennsku og sjávarútvegi á uppvaxtarárunum á Höfn og reglulega farið með föður sínum á sjó sem barn og unglingur.

„En staðreyndin er sú að fyrstu kynnin af sjómennskunni voru ekki góð því ég ældi eins og múkki og hét því að í þetta starf færi ég aldrei. Ég hafði ekki séð mig fyrir mér í námi en ég man að ég hugsaði með mér að það væri þó miklu skárri en sjóveikin. En svo fór það nú svo að ég var og er bæði í sjómennskunni og í námi, við bræðurnir lærðum allt sem hægt er að læra í Stýrimannaskólann og því til viðbótar er ég núna í vor að ljúka námi í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri,“ segir Bragi Fannar.

Strandveiðarnar opna tækifæri

Þegar þeir fedgar keyptu bátinn á sínum tíma segist Bragi Fannar hafa verið algjör nýgræðingur í handfæraveiðum. „Þetta var al-



■ Bragi Fannar Þorsteinsson er kominn á fulla ferð í strandveiðinni þetta vorið. Hann segir veðrið leika mjög stórt hlutverk í því hvernig tímabilið kemur út þegar upp verður staðið.

gjörlega nýtt fyrir mér og okkur bræðrum og auðvitað tók það tíma að æfa sig í þessum veiðiskap og komast inn í þetta. En

okkur fannst þetta mjög spennandi tækifæri til að eignast bát og geta byrjað í eigin útgerð. Við erum mjög gott dæmi um að

strandveiðikerfið getur opnað ungum mönnum leið inn í eigin útgerð því það er mjög erfiður baggi að ætla að kaupa bát og

kvóta eða leigja kvóta til að veiða. Það er eiginlega alveg ógjörningur. Þess vegna er strandveiðikerfið mjög mikilvægt,“ segir Bragi Fannar en viðurkennir að það sé hreint ekki sjálfgefið að dæmið gangi upp. Strandveiðin sé stíf vinna og ekkert megi út af bregða.

„Þú verður að vera mjög öflugur og gera þetta vel. En við skulum heldur ekki gleyma því að í strandveiðunum er veðrið mjög mikill áhrifavaldur. Sem dæmi eru hér á Höfn mjög oft austan brætur í maímánuði og ekki hægt að fara um ósinn og róa. Þess vegna nær maður sjaldan dagafjöldanum í maí og stundum næst ekki dagskammturinn í afla,“ segir Bragi Fannar.

Árangursríkast að treysta á sjálfan sig

Breytilegt er hvar fiskgengdin er hverju sinni og stundum segir Bragi Fannar að sigla þurfi vestur undir Ingólfshöfða eða á mið austan við Hornafjörð til að sækja fisk. En svo getur líka verið nóg að fara í kantinn beint suður af Hornafirði og þá er stutt að sækja.

„Ég hef líka oft farið austur í Berufjarðarál og þá er ég um tvo tíma á siglingu hvora leið þannig að tíminn til að veiða skammtinn er bara að hámarki níu klukkustundir. En þegar ætið og síldin kemur í júní þá er oft hægt að sækja mun styttra. Þetta er mjög stórt svæði sem maður er að fara á yfir strandveiðitímabilið,“ segir Bragi Fannar.

„Mér finnst mestu máli skipta að vera ekki upptekinn af því sem aðrir eru að gera heldur treysta á eigin ákvarðanir. Auðvitað fylgist maður með fréttum og kannar málið ef fréttist af mjög góðri veiði á einhverju svæði. En mér finnst líka gott að þora að fara eitthvað sjálfur og leita að fiskinum. Svo er ég líka með upplýsingar um hvar ég hef verið á sama tíma á síðasta strandveiðisumri en það er samt engan veginn þannig að þó fiskur sé á einhverju tilteknu svæði eitt sumarið að þá verði góður afli á sama svæði á sama tíma árið eftir.“

Harmonikkuspilari í fullu vetrarstarfi

Bragi Fannar býr í Kópavogi og titlar sig sem harmonikkuleikara í símaskrá. Það er engin tilviljun því þeir tvíbura-bræður lærðu ungir á harmonikku og þegar Bragi Fannar var fluttur suður hugkvæmdist honum að bjóðast til að spila á nikkuna fyrir fólk á dvalarheimilum. Í stuttu máli er það orðið hans aðal starf yfir vetrarmánuðina.

„Það er svipað með þetta og strandveiðina að ef maður er trúr því sem maður gerir og einsetur sér að gera sem best þá vinda verkefnin upp á sig. Núna spila ég á 20-30 dvalarheimilum á

www.fiskt.is

SJÓMENN

Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar, hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins

FISKTÆKNISKÓLINN
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Til hamingju með daginn sjómenn

Mannvit býður upp á öfluga þjónustu við sjávarútveg á sviði rafmagns, vélbúnaðar, mannvirkja og umhverfismála með sjálfbærni að leiðarljósi.

Mannvit rekur níu starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á öllum verkstígum.

Stuðlum að sjálfbæru samfélagi



MANNVIT



höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi yfir veturinn og er að spila flesta daga. Þetta er mjög skemmtilegt, fólkið nýtur þess að fá skemmtunina, syngur og dansar og svo hitti ég líka oft menn sem hafa verið í sjómennskunni eða þekkja til á Höfn. Mér finnst skipta mjög miklu máli að gera vel við heldri borgarana í samfélaginu og stefni að því að halda þessu áfram að minnsta kosti næstu ár. Mér hentar vel að hafa þetta fyrirkomulag; spila á veturna og stunda strandveiðarnar á sumrin.“

Tekur aldrei sénsa í ósnum

Bragi Fannar viðurkennir að það sé talsverð pressa að fiska sem mest og ná sem bestum árangri í veiðunum á sumrin.

„Jú, auðvitað er pressa að fiska til að standa undir rekstri útgerðarinnar og kaupum á bátnum. Þess vegna er líka mjög mikið atríði að vera með bátinn og allan búnað í topplagi þegar vertíðin hefst því frátafir frá veiðum vegna bilana eru mjög dýrkeyptar. Við njótum í þessum efnum góðs af því að pabbi er laginn í viðhaldi á bátnum og búnaðinum og það skilar sér. Tapaðir dagar vegna bilana eða veðurs koma ekki aftur svo að þetta getur alveg tekið á,“ segir Bragi Fannar en undirstrikar um leið að hann taki enga áhættu með að fara út í Hornafjarðarósin þegar er vindur og alda.

„Þú tekur enga sénsa í Hornafjarðarósnum á svona litlum bát og ég fylgist mjög vel með ölduhæðinni þar. Það skiptir líka máli



■ Á veturna hefur Bragi Fannar atvinnu af því að fara á milli öldrunarstofnana á suðvesturhorninu og spila fyrir heimilisfólk. Það segir hann mjög gefandi og skemmtilegt starf, ekkert síður en að róa í strandveiðinni.

hvernig aldan er; hvort hún er kröpp eða löng. En fyrst og fremst verður maður að vera mjög trúr eigin reglum um að taka enga áhættu, hvorki þarna né á veiðunum úti á sjó. Þegar maður er einn um borð þá er

enginn til aðstoðar ef eitthvað gerist. Maður þarf alltaf að vera meðvitaður um það.“

Leiðist aldrei á sjónum

Það að vera einn með sjálfum sér dag eftir dag úti á sjó kann ein-



■ „Að vera í blíðuveðri í góðu fiskirí á strandveiðum er engu líkt,“ segir Bragi Fannar. Mynd: Hölmur Hallur Unnsteinsson.



hverjum að þykja óspennandi en Bragi Fannar segir að þvert á móti sé þetta stórskemmtileg vinna. Þess vegna sæki hann í að róa í strandveiðinni ár eftir ár og bíði spenntur á hverju vori.

„Ég viðurkenni að dagarnir eru misskemmtilegir eftir því hvernig fiskast en mér leiðist aldrei. Ef fiskiríð er lítið þá er bara að fá sér kaffibolla og harðfisk og fara eitthvað annað og leita fiskinn uppi. En að vera í blíðuveðri í góðu fiskirí á strandveiðum er engu líkt. Ég held að maður læri líka mikið inn á sjálfan sig í þessari vinnu, læri að keppa við sjálfan sig og gera alltaf sitt besta. Ef það tekst þá getur maður staðið sáttur upp eftir vertíðina. En ég er þess fullviss að lykillinn að árangrinum er að hafa gaman af þessu.“

Fastur dagafjöldi yrði góð breyting
 Að mati Braga Fannars yrði til bóta í strandveiðikerfinu að dagafjöldinn yrði festur þannig að allir fái að róa 48 daga á strandveiðitímabilinu. Fiskgengd og veðurlag sé ólíkt á svæðunum við landið.

„Eins og til hagar á mínu svæði við Hornafjörð þá væri mun betra að róa meira í júní, júlí og ágúst en sleppa dögum í maí. Á svona litlum bátum er veðrið svo ráðandi áhrifaþáttur að það getur algjörlega skilið á milli hvernig til tekst þegar upp er staðið. Þó vel hafi gengið hjá mér í fyrra þá breytir það engu á þessu tímabili. Það er svo margt sem hefur áhrif en vissulega spilar heppni líka inn í þetta eins og annað.“



■ Snjólfur SF-65 var annar aflaghæsti bátur strandveiðanna árið 2021.

SJÓMANNADAGURINN 2022

SJÓMENN, TIL HAMINGJU!



VM - Félag vélstjóra og málmtæknumanna
óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn

www.vm.is

Landsfélag í vél- og málmtækni





■ Ragnar H. Kjartansson, framkvæmdastjóri FMS, segir mikilvægt að allur fiskur úr strandveiðum verði seldur á fiskmörkuðum.

Seldu fisk fyrir 8,5 milljarða í fyrra

rætt við Ragnar H. Kristjánsson, framkvæmdastjóra FMS fiskmarkaðanna

„FMS selur um 30.000 tonn á ári eftir sameiningu árið 2019 við Fiskmarkað Patreksfjarðar og Fiskmarkað Siglu-fjarðar. Nú heitir samstæðan ekki lengur Fiskmarkaður Suðurnesja heldur FMS hf. Við erum fiskmarkaðir hér á Suðurnesjum; í Grindavík og Sandgerði, svo erum við á Höfn í Hornafirði, á Patreksfirði, Ísafirði og Siglufirði. Við seljum allan fisk fyrir Dranganes og höldum alltaf úti á hverju sumri, í samvinnu við Árneshrepp, útstöð í Norðurfirði á Ströndum fyrir færabáta. Síðasta ár var mjög gott með 31.000 tonn fyrir um 8,5 milljarða. Vegna þess að fiskverð hefur hækkað gífurlega er veltan í ár strax orðin meiri, næstum fjórir milljarðar eftir fyrstu fimm mánuðina.“ Þetta segir Ragnar H. Kristjánsson framkvæmdastjóri FMS. Blaðamaður hittir hann í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Sandgerði og fór yfir málin með honum.

Ragnar segir að þorskur hafi verið aðeins á undanhaldi. „Það er í samræmi við minni kvóta og breytingar í umhverfinu. Samdrátturinn í þorskkvóta var um 12% milli fiskveiðia ára en aukning á árinu 2020 var um 5-6%. Á móti kemur aukning í

öðrum tegundum eins og ýsu, ufsa og karfa. Allar stærstu útgerðirnar sem ráða yfir kvóta eru í viðskiptum á okkar stöðum þegar þær þurfa fisk og selja í flestum tilfellum allan fisk, sem þær ekki vinna á fiskmarkaði, hvort sem það er hjá okkur eða öðrum. Það er bara vel og heldur okkur gangandi og stuðlar að góðri verðmyndun fyrir fyrirtækin og þeirra sjómenn.“

Strandveiðiaflinn fari allur á uppboð

Á síðasta ári voru veidd um 11.170 tonn af þorski á strandveiðum. FMS var með 30% hlutdeild í þeim afla þar sem félagið er með markaði. Stærsta strandveiðiútstöðin á síðasta ári var Patreksfjörður með um 1.476 tonn, örlítið stærri en Bolungarvík, sem hefur oft verið stærst.

„Strandveiðin er orðin mjög mikilvægur þáttur yfir sumartímann og gefur kaupendum færi á að nálgast hráefni. Mín skoðun er sú að afli úr strandveiðum eigi allur að fara á fiskmarkaði svo að allir geti boðið í hann. Það er því miður ekki þannig alls staðar. En það er markmið okkar hjá FMS að allur standveiðiafli, sem fer í gegnum okkur, fari á uppboð svo allir geti boðið í. Ég tel að strandveiðin eins og hún hefur

verið síðustu árin sé góður kostur nema að ég myndi vilja að gerðar yrðu þær breytingar sem kallað hefur verið eftir að tryggja strandveiðar út ágúst. Einnig mætti hugsa sér að hér á suðursvæðinu fái strandveiðin að byrja fyrr og hætta þá fyrr. Á þessu svæði breytist allt hratt þegar líður á sumarið og fiskurinn hverfur af miðunum. Aftur á móti er meira af fiski í apríl.“

Milljarðs velta

Ragnar segir að á síðasta ári hafi FMS fiskmarkaðirnir selt afla fyrir 670 viðskiptavini og kaupendur voru um 165 talsins. Velta samstæðunnar var um milljarður en ef tekið er tillit til hlutdeildar fyrirtækisins í Reiknistofu fiskmarkaða og Umbúðamiðlun er veltan um 900 milljónir. Inni í þeirri tölu er þjónusta á bryggjunum, meðal annars á Siglufirði.

„Þar reukum við mjög öflugla löndunarbýjónustu, sem er mikið álag á, sérstaklega síðsumars og fram í desember. Þar löndum við úr öllum skipum fyrir útgerðarfyrirtækin Ramma, Þorbjörn, Vísi og úr bátum af Snæfellsnes, bátum frá Nesfiski í Garði og rækjubátum sem eru á ferðinni. Siglufjörður er eini staðurinn þar sem við reukum


svona öflugt löndunargengi og þar fóru 25-26.000 tonn í gegn í fyrra.“

Mikil spenna og eftirspurn eftir fiski

Hvernig hefur þróunin á fiskverði verið á síðustu árum?

„Þetta er 22. árið mitt sem framkvæmdastjóri hér og alltaf hefur verið hægt að bera yfir gengi á evru saman við gengi íslensku krónunnar til að sjá hækkingu og lækkun á fiskverði. Það liggur við að það sé sama línurit ár eftir ár. Núna hefur þetta breyst. Verðið á mörkuðunum er miklu hærra en breytingar á gengi ættu að gefa til kynna. Því veldur bæði minnkandi kvóti, meiri eftirspurn og þessar ytri aðstæður sem eru Covid, stríð í Úkraínu og hreinlega vöntun á fiski. Við erum að heyra af hæstu verðum sem hafa verið að fást, til dæmis fyrir afurðir af frystitogurum. Hátt afurðaverð erlendis skilar sér alltaf inn á uppboðin hér. Nú er meðalverð á færaborski að hækka um á annað hundrad krónur frá sama tíma í fyrra. Hækkunin er 30% og jafnvel meiri sums staðar en það fer eftir stærðum. Ég sé ekkert í spilunum um að það sé fiskverðslækkun framundan. Yfirleitt hefur reglan verið sú að á

Faxaflóahafnir sf. senda sjómönnum, fiskvinnslufólki, útgerðum og aðilum sem tengjast sjávarútvegi hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Kristjánsson.



Ljósmynd: Gunnlaugur Rögnvaldsson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



■ Fyrirtækið er með karabvottavél og getur alltaf boði upp á hrein kór og ís en það er með ís kór frá Umbúðamiðlun til útleigu.



■ Mikil áhersla er lögð á nákvæma skráningu og rekjanleika og miklar upplýsingar fólgnar í hverjum merkimiða.

vertíð, sérstaklega hér á suðvesturhorninu, þegar framboð er mest í mars og apríl, hefur verðið lækkað en við sáum það ekki í vetur. Það virðist vera mikil spennan og eftirspurn eftir fiski.“

Engin merki um fiskverðslækkun

Aðspurður um hvort fiskverð komi til með að verða áfram hátt í sumar segir Ragnar aldrei hægt að lofa neinu um þróun þess.

„Maður segir oft við útgerðarmenn og trillukarlana að það verði að horfa á fiskverðið að minnsta kosti í eina viku. Í raun þarf að taka verðið á þriggja mánaða tímabili til að fá rétta mynd. Verðið getur rokið upp einn daginn og fallið þann næsta. Það sem hefur breyst mikið núna er að við sjáum oftar lægri verð á föstudögum en dagana þar á undan. Á síðustu misserum hafa orðið miklar breytingar á möguleikum til að koma afurðunum frá sér. Regluleg koma flutningaskipanna frá Smyril Line til þorlákshafnar hefur breytt miklu. Þau taka við fiski á föstudögum til útflutnings til Evrópu. Það þýðir að útflytjendur eru ekki að kaupa fisk utan af landi á föstudögum. Þeir koma honum ekki frá sér fyrr en í fyrsta lagi á mánudegi, nema hann fari í flug,“ segir Ragnar og bendir á að mikil spurn sé eftir færufiskinum og að stóru fiskverkendurnir sem hafi lítinn kvóta kaupi hann til að hafa upp í samninga við erlenda kaupendur.

„Þá þurfa þeir á færufiskinum að halda. Lengri vinnslustöðvun hjá stóru fyrirtækjunum í sumar vegna niðurskurðar á aflaheimildum mun sjálfsagt hafa einhver áhrif en ég held að það leiði ekki til verðlækkunar á fiski á fiskmörkuðunum. Smærri aðilarnir eru áfram í gangi og það eru líka nokkrir erlendir aðilar að kaupa hér á mörkuðunum.“

20 þúsund tonn af óunnu til erlendra kaupenda

Ragnar segir að það sé kapituli út af fyrir sig hvort leggja eigi áherslu á að vinna meira af fiski hér heima en nú er gert. Hvort stjórnvöld og aðrir hafi gert rekstrarumhverfi íslenskrar fiskvinnslu samkeppnishæft gagnvart stöðu erlendra fiskverkenda.

„Íslenskur sjávarútvegur er ein af fáum slíkum atvinnugreinum í heiminum sem nýtur engra opinberra styrkja. Líklega nýtur sjávarútvegur í öllum löndum heims styrkja frá hinu opinbera. Við fiskmarkaðsmenn höfum barist fyrir því öll þau ár sem ég er búinn að vera í þessu að allur fiskur sem ekki er verið að vinna hér heima í beinum viðskiptum eða hjá kvótahöfum sjálfum fari á fiskmarkað og að allir fái tækifæri til að bjóða í hann hér heima. Þá yrði það bara samkeppni sem réði því hvort erlendir aðilar gætu keypt hann hér og flutt utan til vinnslu.“

Ragnar segist ekki með þá tölu fyrirbyggjandi hversu mikið erlendir kaupendur kaupi á fiskmörkuðunum á Íslandi en gerir ráð fyrir að magnið af óunnum fiski sem fari utan sé að minnsta kosti um 20 þúsund tonn á ári.

„Af því er reyndar stór hluti sem er ekki á



■ Fiskmarkaður FMS er með höfuðstöðvar í Sandgerði og starfsstöðvar í Grindavík, á Patreksfirði, Ísafirði, Siglufirði og Hornafirði. FMS selur allan fisk frá Drangnesi og Norðurfirði á Ströndum á sumrin.

uppboði en fer engu að síður gegnum markaðskerfið. Það er kannski ekki alveg nógu gott því hugsanlega hefðu innlendir verkendur viljað fá að bjóða í fiskinn og vinna. En þeir hafa kannski ekki haft aðgang að honum,“ segir Ragnar og bætir við að alltaf sé eitthvað um að útgerðir flytji óunninn afla beint út. Það hafi þó minnkað mjög mikið frá því sem var þegar útflutningur í gámum stóð sem hæst fyrir mörgum árum.

Breytingar á kaupendahópnum

Ragnar segir talsverðar breytingar hafa orðið á kaupendahópnum á innlendu fiskmörkuðunum, meðal annars hafi stórum kvótalausum fyrirtækjum sem reiddu sig á fiskmarkaðina sem hráefnisöflun fækkað. „Við getum tekið sem dæmi, Frostfisk, Ísfisk og Toppfisk, sem voru stórir kaupendur á mörkuðunum frá upphafi. Þessi fyrirtæki eru hætt en þau lifðu eingöngu á hráefni sem þau keyptu á mörkuðunum. En það er einhvern veginn þannig að alltaf þegar einn fer út kemur annar inn. Þegar útgerðum fækkar og maður heldur að það sé að fækka of mikið verður einhver breyting og fiskurinn kemur í staðinn annars staðar frá.“

Flókið flutningskerfi

Allt fiskmarkaðskerfið byggist á samvinnu um að selja fisk fyrir útgerðirnar, meðhöndla hann rétt og koma réttum upplýsingum inn í uppboð- og flutningakerfin.

„Fiskur sem seldur er í dag er kominn í vinnslu milli sex og sjö á morgnana hvar sem er á landinu. Allir kaupendur verða að gera samninga við flutningsaðila um að ná

í fiskinn og skila honum inn á kæli fyrir vinnslu. Í dag er Eimskip innanlands langstærsti flytjandinn á landsbyggðinni og jafnvel líka hér á suðvestursvæðinu. Þeir eru með samkomulag við okkur um afgreiðslu á fiskinum og hvernig við gerum það hér á suðursvæðinu. Hér eru myndavélar til þess að fylgjast með öllu og hægt lesa karanúmer bæði í Sandgerði og Grindavík. Eimskip sækir svo fiskinn á nóttunni. Þetta er hagræðing sem við tökum þátt í og er heljarinnar kerfi.“

Fiskmarkaðirnir hafa undanfarin ár selt 100-115.000 tonn af fiski árlega. Flutningskerfið er mikilvægur hluti kerfisins.

„Áður fyrr rákum við stóra miðstöð í Hafnarfirði þangað sem allur fiskur utan af landi kom og við dreifðum honum þaðan með flutningsaðilum. En við lokuðum þar vegna þess að það voru nánast engar fisklandanir orðnar í Hafnarfirði. Mér fannst sárt að þurfa að gera þetta, sérstaklega vegna þess að þaðan kom ég inn í þetta árið 1992. Þetta var því pínulítið eins og barnið manns. En auðvitað snérist þetta bara um hagræðingu og hagkvæmni. Ég tók ákvörðun um að flytja alla starfsemi í Hafnarfirði til Sandgerðis og þar fylgdi með starfsemin á Norðurfirði og Drangnesi. Nú er henni stjórnað frá Sandgerði. Flutningarnir eru heilmikið þúsluspil og það þarf líka að gæta að rekjanleikanum. Í kringum þetta er búið að byggja upp mikið tölvakerfi hjá Reiknistofu fiskmarkaða með þekkingu sem kemur frá fiskmörkuðunum. Hún er mjög mikilvæg fyrir allt batterið og alla upplýsingagjöf fyrir kaupendur og seljendur.“

Sníða sér stakk eftir vexti

Ragnar segir hlutverk stjórnenda FMS að gæta þess að sníða fyrirtækinu stakk eftir vexti og sveigja það til eftir því sem er að gerast á hverjum stað.

„Við leggjum áherslu á og erum búnir að setja töluverða peninga í kjölfar sameininga í að aðstæður á hverjum stað séu eins góðar og mögulegt er. Við höfum endurbeytt húsið okkar á Hornafirði og það er orðið mjög flott og fínt. Á síðasta ári kláruðum við uppbyggingu á Siglufirði og höfum verið í startholunum með að stækka það svölitið. Við leggjum áherslu á að vera með gott húsnæði, góða aðstöðu, góða geymslu og kælingu fyrir fiskinn okkar og að hafa alltaf nægan ís við höndina,“ segir Ragnar og heldur áfram.

„Grindavík er langstærstahöfnin okkar. Þar er mjög mikið að gera frá því í janúar og fram í júní. Svo er þar bara allt annar taktur fram undir áramót. Sama á við um Sandgerði. Á sama tíma og það hægist á hér yfir sumartímann og á haustin, sækir landsbyggðin í sig veðrið. Siglufjörður, Patreksfjörður og þá kemur Norðurfjörður inn, sem og Drangnes og Höfn er oft mjög góð á ákveðnum tímum ársins. Það sem hefur háð Hornfirðingum eru veður og hafnaraðstaðan, að komast um ósinn. Strandveiðin spilar inn í mýnstrið og svo elta bátarnir af Reykjanesinu þorskinn norður á sumrin og austur á haustin. Í dag landa bátarnir bara í næstu höfn og fiskurinn er keyrður heim í stað þess að áður fyrr var alltaf siglt til heimahafnar til löndunar,“ segir Ragnar H. Kristjánsson.



ER
 EINHVER NÁLEGUR AÐ
 HLUSTA A ÞIG?

Rás 16 er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.
 Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
 ICELANDIC COAST GUARD



VERKEFNISSTJÓRN
 UM ÖRYGGI
 SJÓFARENDA

Samgöngustofa 

Traustur grunnur skiptir sköpun

Ásta Björk Sigurðardóttir, hagfræðingur hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, segir að jafnframt hækkandi afurðaverði hækki ýmisir kostnaðarliðir í greininni

„Það er óhætt að segja að sjaldan er á vísan að róa í íslenskum sjávarútvegi“, segir Ásta Björk Sigurðardóttir, hagfræðingur hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Ástandið sem kórónuveirufaraldurinn og baráttan við hann skapaði hafi ekki auðveldað fyrirtækjunum róðurinn. „Óvissan varð meiri, aðstæður voru síbreytilegar og mismunandi milli landa en þegar litið er til baka yfir þetta tímabil má segja að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum hafi tekist vel upp,“ segir hún og nefnir að fyrstu hagspár sem birtar voru eftir að faraldurinn skall á hafi gert ráð fyrir einum mesta samdrætti sem orðið hafi í greininni í nær fjóra áratugi. „Sú varð ekki raunin og fjarri því,“ segir hún. Þar skipti sköpum skipulagið sem greinin býr við, sveiganleiki fyrirtækja og mikil fjárfesting á liðnum árum í hátækniþnáði og markaðssetningu. Þá þætti megi alla rekja til íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins, sem sé í fremsta flokki á heimsvísu.

Ásta segir að nýtt ár kalli iðulega á nýjar áskoranir í íslenskum sjávarútvegi og ljóst að engin undantekning verði í þeim efnum þetta árið. Þrátt fyrir að sóttvarnaraðgerðum hér á landi hafi verið aflétt þá gæti áhrifa heimsfaraldursins og sóttvarnaraðgerða enn, þó mismikið á milli landa. Öllu alvarlegra sé þó stríðið í Úkraínu.



■ Ásta Björk Sigurðardóttir hagfræðingur hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi.

„Það hefur vissulega áhrif á íslenskan sjávarútveg en viðskiptalegir hagsmunir eru þó hjóm eitt miðað við þær hörmungar sem úkraínska þjóðin þarf að búa við.“ Áhrif stríðsins eru að hennar sögn mismikil frá einu fyrirtæki til annars auk þess að vera margslugin.

Aftur farið að selja til Úkraínu en verðið er lægra

Frá því að Rússland lokaði á viðskipti með sjávarafurðir frá Íslandi árið 2015 segir Ásta að Úkraína hafi verið eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslendinga með heilfrystar uppsjávarafurðir, sild, loðnu og makríl. Miðað við verðmæti hafi Íslandi verið næst

stærsti útflytjandi á fiskafurðum til Úkraínu. „Það er því ljóst að stríðsástandið hefur haft mikil áhrif á sölu og verð þessara afurða. Sala á afurðum til Úkraínu hefur þó hafist á nýjan leik, en verð eru talsvert lægri enda kaupgeta þar minni,“ segir Ásta. Hún nefnir að brugðið geti til beggja vona, stríðið standi enn yfir og á

þessari stundu sé ekkert hægt að segja til um hver áhrifin á endanum verði eða hvort þau verði viðtækari og nái að auki til viðskipta við nálæg lönd. Þannig hafi stríðið strax haft áhrif á sölu sjávarafurða til Hvíta-Rússlands. Hún segir að á móti hafi spurn eftir fiskimjöli og lýsi aukist og þar gæti áhrifa þess samdráttar sem



TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR

orðið hefur í framleiðslu á próteini í Úkraínu. Sala á loðnuafurðum til Asíu segir hún að hafi gengið vel en verð er þó eitthvað lægra en á loðnuvertíðinni í fyrra. „Helstu áhyggjurnar þar snúast um hertar sóttvarnaðgerðir í Kína sem gera það að verkum að erfiðara er að koma afurðum á markað þar í landi,“ segir hún.

Verð á botnfiski almennt hátt um þessar mundir


Ástandið á botnfiskmörkuðum fór almennt að glæðast eftir því sem leið á árið 2021 og stjórnvöld víða um heim drógu úr umfangi sóttvarnaðgerða. Samhliða því tók verð að hækka eftir mikla lækkun mánuðina á undan og hefur sú þróun haldið áfram það sem af er ári. Verð á botnfiski er almennt hátt um þessar mundir sögulega séð en þróunin er þó vissulega æði misjöfn milli tegunda og afurðaflokka enda eru viðskiptalöndin mörg og ástandið á mörkuðum mismunandi. Sjófrystar afurðir eru sér á báti, en verð þeirra er í hæstu hæðum um þessar mundir, segir Ásta. Hér gættir vissulega áhrifa refsiaðgerða gagnvart Rússlandi, enda flytja Rússar mikið út af botnfiski.

Fiskur ekki það eina sem hækkar í verði

„Fiskur er ekki það eina sem hækkar í verði, það er allt að hækka. Fyrir innrás Rússa í Úkraínu hafði alþjóðleg verðbólga aukist mikið. Innrásin jók enn á verðbólguþrýsting, enda leiddi hún til verðhækkunar á orkugjöfum og annarri hrá- og matvöru. Verðbólga í heiminum hefur því aukist mikið að undanförunu og í okkar helstu viðskiptalöndum hefur hún ekki mælst meiri í ríflega þrjú áratugi. Þessar hækkanir koma eðlilega niður á kaupgetu neytenda og geta breytt neyslumynstri. Fólk þarf að borða, hvað sem öðru líður, en spurn eftir dýrari matvöru gæti dregist saman. Það eru því ákveðin hættumerki fólgin í mikilli hækkun á fiskverði,“ segir Ásta. Bætir hún við að sjávarútvegsfyrirtækin fari ekki varhluta af þessu ástandi og þau glími við miklar kostnaðarhækkanir, sér í lagi vegna olíu og flutninga.

Enn og aftur mun reyna á fiskveiðistjórnunarkerfið

„Eins og oft áður er erfitt að spá fyrir um horfur í íslenskum sjávarútvegi, enda margir óvissuþættir sem spila þar inn í. Stærsti þátturinn snýr að alþjóðlegum efnahagshorfum þar sem framvindan ræðst ekki síst af því hversu langvarandi stríðið í Úkraínu verður. Áhrifanna gættir mest í Evrópu sem er stærsta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir,“ segir Ásta. Annar þáttur er svo gengi íslensku krónunnar sem hefur verið að styrkjast á liðnum mánuðum og er nú á svipuðu róli og áður en faraldurinn barst til landsins. Þróun sé þó vissulega misjöfn eftir gjaldmiðlum en flestar spár geri ráð fyrir að gengi krónunnar muni enn styrkjast á næstu misserum samhliða auknum útflutningstekjum. „Þar spilar aukinn ferðamannastraumur til landsins stóra rollu, einnig hátt álverð, mikill loðnukvóti og aukin umsvif í fiskeldi,“ segir hún. „Þegar öllu er á botninn hvolft er ljóst að enn og aftur mun reyna á það fyrirkomulag sem við búum við; fiskveiðistjórnunarkerfið. Óvæntar sveiflur og mikil óvissa í sjávarútvegi er ekki nýlunda og í þeim efnum hefur kerfið sýnt og sannað styrk sinn.“



■ Úkraínustríðið skapar mikla óvissu þar sem landið er mjög mikilvægur kaupandi uppsjávarafurða frá Íslandi.



■ Verð á botnfiski er almennt mjög hátt um þessar mundir.



RAFVER í 66 ár

Skeifan 3, 108 Rvk - S:581 2333 - www.rafver.is - rafver@rafver.is



**Fagmennska
alla leið**

KÄRCHER



Háprýstidælur



Gufuháprýstidælur



Háprýstistöðvar



Háprýstikerfi




Sópar



Ryksuger



Gólfþvottavélar



Ísblástursvélar



Sópar



Ryksuger



Ryksuger



Háprýstidælur



Fjölnotavélar



Borvélar



Power tools

Sliþirokkar



Segulkjarnaborvélar

Sortimo



Innréttingar í bíla og skip



Hafið samband við sölumenn okkar:

Ágúst Einarsson

Ingólfur Danielsson

Ingi Freyr Arnarsson

agust@rafver.is

ingolfur@rafver.is

ingi@rafver.is

898 2875

895 9048

899 0119

BOGE
COMPRESSED AIR SYSTEMS



Loftpressukerfi/Loftkútar





■ Bræðurnir Sigurður, Henning og Jóhannes ásamt Henning föður sínum.

Vill ekki sjá kvóta á grásleppu

Grimseyingarnir Sigurður og Jóhannes Henningssynir hafa lokið grásleppuveiðum þetta vorið og stefna á ufsaveiðar á glænýju skipi. Sigggi vill breytingar á kvótakerfinu og að ýtt verði undir nýliðun. „Þetta var skítsæmilegt; fínasta kropp en engin mokveiði,“ segir Sigurður, eða Sigggi eins og er hann er jafnan kallaður, um grásleppuvertíðina. Hann

er nýkominn frá Kópaskeri þar sem hann gerði, ásamt Jóhannesi bróður sínum, út þrjá báta á grásleppuveiðum. Bátarnir eru Kvikur EA, Björn EA og Gísli EA.

Þeir eru þrír bræðurnir, Sigggi, Jói og Henning sem eiga ásamt fjölskyldum sínum útgerðarfirmatækin Heimskautssport ehf. og Fiskmarkað Grimseyjar ehf. og gera þau út bátana þrjá. Faðir

þeirra, Henning Jóhannesson, seldi kvóta frá eygni 2017. „Við bræðurnir höldum áfram þegar sá gamli var skikkaður til að selja. Það var aldrei meingin að selja kvótann burt,“ ríffjar Sigggi upp. Hann segir að Jói bróðir hans hafi átt fáein prósent í útgerðinni sem var seld en að öðru leyti hafi þeir byrjað með tvær hendur tómar. Tilkoma byggðakvótans hafi

tryggt viðvarandi útgerð í eygni og gert þeim kleift að halda áfram að gera út frá Grimsey. „Hann hefur alveg bjargað okkur, byggðakvótinn,“ segir Sigggi.

Helmings samdráttur

Eins og fyrr segir er grásleppuver-tíð nýlega lokið hjá þeim bræðrum, þegar þetta viðtal er tekið.

Sigggi segir grásleppan sé mikilvægur liður í því að geta haldið úti heilsársstörfum í útgerð. Markaðsaðstæður á grásleppu mættu þó vera betri. „Það er ekki langt síðan verðið fyrir sleppuna var á billinu 225 til 300 krónur fyrir kíló. En þetta sleppur fyrir horn.“

Í fyrra skilaði floti þeirra bræðra 190 tonnum af grásleppu á land, enda var mokveiði víða. Að þessu sinni voru tonninn um 80 og samdrátturinn á milli ára því töluverður. Sigggi segist hafa fengið 150 krónur á kíló í ár, samanborið við 130 í fyrra. Innkoman hafi því dregist saman um helming á milli ára.

Nýr bátur í smíðum

Það eru spennandi tímar fram undan hjá bræðrunum úr Grimsey. Þeir fá nýjan og glæsilegan bát afhentan núna í byrjun júní. Báturinn er hálfyfyrbyggður hraðfiskibátur af gerðinni Cleopatra 44. Hann er 12,99 metrar á lengd en þeir láta Björn EA upp í kaupin. „Þetta er betur græjaður bátur og tekur meira í lest en Björninn. Hann rúmar 15 kór í lest, sem gera hátt í 10 tonn. Sá gamli tók um sex tonn í lest þannig að það bætist mikið við.“

Báturinn er smíðaður af Trefjum í Hafnarfirði og Sígga lýst vel á það sem hann hefur séð. „Þetta er agalega flott hjá þeim og maður er orðinn spenntur. Þetta er svipað og að fá sér nýjan bíl, það kitlar að fá hann afhentan og prufa.“

Ufsaveiðarnar reynast vel

Útgerðin hefur fengið byggðakvóta undanfarin ár og eins og áður segir þá hefur það gert þeim

iTUB sendir öllum sjómönnum bestu kveðjur á sjómannadaginn



iTUB
www.itub-rental.com



■ Sigurður Henningsson hefur verið á sjó frá unga aldri. Hér er hann á góðri stundu.



■ Útgerðin fær nýja og glæsilega Cleopötru afhenta í júní.

kleift að einbeita sér að útgerð árið um kring. Þeir hafa hins vegar gert það gott á ufsaveiðum undanfarið misseri.

„Ufsinn hefur komið mjög vel út. Það er glórulaust að ætla leigja þorskvóta úr stóra kerfinu. Það verður ekkert eftir. Leiguverð á ufsanum hefur hins vegar verið um 25 krónur kílóíð og meðalverð í sölu á bilinu 200 til 250 krónur. Það er alveg hægt að gera út á það,” útskýrir Siggi og heldur áfram: „Í vetur vorum við oftast að fá þetta tíu til tólf tonn af ufsa á dag, þrjú um borð. Á nýja bátinum verðum við sennilega með fjórða manninn og fleiri trossur,” segir hann, spurður hvernig nýi báturinn muni nýtast þeim á ufsaveiðum. Með þeim bræðrum á sjónum er Haukur Hauksson, árið um kring.

Breytinga þörf á kvótakerfinu

Kvótakerfið er Sigga hugleikið, eins og öðrum útgerðarmönnum. Hann segir að búið hafi verið þannig um hnútana að nýliðun sé nær ómöguleg. „Það verður eitt-hvað að breytast. Það getur enginn venjulegur maður keypt sér kvóta. Tonnið er á fimm milljónir og ef maður er heppinn fær maður 400 þúsund kall fyrir það. Það tekur því 15 ár að vinna sér inn fyrir kvótakaupunum. Ef maður ætlaði sér að kaupa 100 tonn og gera út af einhverju viti þá væri það hálfur milljarður. Enda eru það bara stærri útgerðir sem kaupa kvótann,” segir hann.

Siggi er líka alfarið á móti kvótasetningu á grásleppu, eins og hugmyndir hafa verið uppi um. „Þetta er eini möguleiki ungu kynslóðarinnar og á nýliðun; það er að gera út á grásleppu og strandveiðum. Það má ekki setja þetta í kvóta og loka endanlega á að ungir menn geti öðlast reynslu og byrjað með litla útgerð.”

Hann segist sjálfur hafa verið 14 ára gamall þegar hann fór að fara einn út á bát þabba síns til veiða. „Það ætti að leyfa ungum mönnum að taka pungaprófið fyrr og spreyta sig; prófa að afla sér tekna. Það er glórulaust að 14-15 ára krakkar geti í dag lært að fljúga en þeir mega ekki taka pungaprófið. Það er ekki einu sinni hægt að lögskrá menn um borð fyrir 18 ára aldur. Þessu verður að breyta og ýta undir nýliðun í greininni.”

Ferðapjónustan lifnar við

Sumarið er fram undan og bræðurnir eru fullir tilhlökkunar. Einn báturinn verður á ufsanetum,

annar á handfærum á ufsa og sá þriðji á strandveiðum. En verkefni eru fleiri. „Við Harpa [Sigurðardóttir], eiginkona mín, erum með annað fyrirtæki hér í eyggi, Muninn ehf. Þar erum við með jetsky fyrir ferðamenn, reiðhjólaleigu og höldum úti pylsuvagni. Þetta er að taka við sér núna, þegar COVID er búið.”

Hann segir að töluverður straumur ferðamanna liggja út í Grímsey og að tækifæri tengdum þeim séu til staðar. „Hingað koma mörgt skemmtiferðaskip auk þess sem ferjan gengur fimm daga í viku. Það er þess vegna mikið líf hérna á sumrin,” segir Siggi að endingu.

ÖRYGGI OG ÞEKking



RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS HEFUR STAÐIÐ VAKTINA Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tæknibúnaði og notkun hans.

Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn

RAFIDNAÐARSAMBANDIÐ STENDUR VAKTINA og stendur vörð um réttindi þín, starfsumhverfi, vellíðan og starfsöryggi.

STOLTUR BAKHJARL



AÐILDARFÉLÖG RAFIDNAÐARSAMBANDSINS





■ Höfnin er að sjálfsögðu miðpunktur í hátíðarhöldunum í Grindavík og fjölmargt gert til gamans í viðamikilli dagskrá Sjóarans síkátá.



■ Tekist á á ránni.

Sjóarinn síkátá snýr aftur í Grindavík

Sjómann- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkátá verður í Grindavík um sjómannadagshelgina, 10.-12. júní, til heiðurs íslenskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra. Á hátíðinni er mikið lagt upp úr fjölbreyttri fjölskyldudagskrá alla helgina.

Á hátíðinni kemur fram fjöldi tónlistarmanna og skemmtikrafta auk þess sem veitinga- og skemmtistaðir bjóða upp á viðburði. Meðal þeirra sem fram koma í Grindavík þessa helgi

verða Emmsjé Gauti, Stuðlabandið, Auddi og Sveppi, Jón Jónsson, ClubDub, Papar, Guðrún Árný, Pálmarr Örn, Nýju fótin keisarans, BB Brothers, Ronja ræningjadóttir, Latibær, BMX brós, nemendur úr Danskönni og Grindavíkurdætur.

Í ár mun fyrrum varðskipið Óðinn sigla inn í Grindavíkurhöfn laugardaginn 11. júní og vera þar til sýnis yfir daginn. Þá verður frítt í leiktæki á hafnarsvæðinu á laugardegi og sunnudegi.

Hátíðin fyrst haldin árið 1996

Sjóarinn síkátá er rötgróin hátíð. Hún var fyrst haldin árið 1996 og hefur vaxið og dafnað síðan þá.

Föstudagurinn einkennist af hátíðarhöldum og þátttöku heimamanna. Íbúar skreyta götur og hús í litum hverfa og klæða sig í samræmi við lit síns hverfis. Farin er Litaskrúðganga sem markar upphaf hátíðarhaldanna niður að hátíðarsvæðinu við Hafnargötu. Íbúar og gestir safnast saman á hátíðarsvæðinu og

taka þátt í fjöldsöng. Kvöldið endar á Bryggjuballi á hátíðarsvæðinu.

Á laugardeginum er boðið uppá fjölbreytta barnadagskrá. Hægt er að fara í skemmtisiglingu, fjöldi leiktækja er í boði fyrir gesti og andlitsmálun fyrir þá sem vilja. Tónleikar og viðburðir eru á veitingastöðum bæjarins og á hátíðarsviðinu verður fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

Sunnudagurinn einkennist af hátíðarhöldum sjómannadagsins,

til heiðurs sjómönnum og fjölskyldum þeirra. Hátíðarmessa verður í Grindavíkurkirkju þaðan sem gengið verður í Sjómannagarðinn þar sem krans verður lagður að minnisvarðanum Von. Þaðan liggur leiðin að hátíðarsvæðinu og eftir athöfn þar hefst fjölbreytt barnadagskrá. Leiktæki, andlitsmálning, fiskabúr með nytjafiskum og furðufiskum verða við höfnina. Eldri borgarar í Víðihlíð halda daginn hátíðlegan og fá til sín góða gesti.

Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



Frumkvöðlar í skipahönnun

NAUTIC

Kringlan 4-12, Turn 6. hæð
103 Reykjavík
Sími 5 400 515
nautic@nautic.is
nautic.is



3M | PELTOR™

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífin útilokar allan umhverfishávaða.



Mikið líf í Bolungarvíkurhöfn á sumrin

Stefán Pétur Viðarsson, yfirhafnarvörður segir öll heimsins mál leyst á kaffistofunni á hafnarvoginni

„Þetta er líflegt og skemmtilegt starf, mikil samskipti við fólk. Hingað á hafnarvogina koma margir í kaffispjall og hér eru öll heimsmálin rædd og leyst. Það er ekkert mönnum óviðkomandi í umræðunni hér á kaffistofunni,“ segir Stefán Pétur Viðarsson, yfirhafnarvörður í Bolungarvík. Stefán tók við starfinu árið 2018 eftir að hafa verið rækjusjómaður á togara við Grænland um fjórtán ára skeið. Hann segir að tímabært hafi verið að skipta um starfsvettvang og kann vel við sig í starfinu í landi sem er talsvert tengt sjómennskunni. Stefán reiknar með að mikið verði um að vera í höfninni í Bolungarvík í sumar líkt og undanfarin ár enda sú höfn landsins sem er með flestar landanir.

Umfangið margfaldast á sumrin

„Sumarið er aðal vertíðin hjá okkur hjá höfninni, ef svo má segja. Umfangið í starfseminni og þjónustunni er mun meira en yfir vetrarmánuðina og fjöldi landana er hátt í fjórfalt meiri á sumrin en veturna,“ segir Stefán Pétur. Strandveiðarnar skýra fyrst og fremst þessa miklu fjölgun landana en bátum sem fá löndunarþjónustu í höfninni fjölga að meðaltali um 40 á sumrin.

„Fyrst og fremst eru þetta heimabátar sem róa í strandveiðinni yfir sumarmánuðina en svo eru stöku bátar úr nágrennabyggðunum sem koma hingað til löndunar. Svo er alltaf eitthvað um báta sem koma lengra að til að róa héðan í strandveiðum. Þeir voru samt mjög fáir í fyrra og ég á ekki von á að í þeim hópi fjölgi mikið í ár,“ segir Stefán Pétur. Strandveiðar hófust þann 2. maí í ár og það sem af er hefur á fjórða tug báta byrjað veiðar.

„Strandveiðarnar byrjuðu af miklum krafti en svo komu brætur og leiðinda veður. Þetta er dæmi um hvernig veðrið getur spilað stórt hlutverk í því hvernig gengur hjá smábátunum. En svo breytist þetta þegar kemur lengra fram á sumarið og stærri Sómabátarnir geta þá sótt lengra út. Samt þarf að hafa í huga að það eru tímamörk á róðrunum þannig að þeir þurfa að vera komnir til hafnar í síðasta lagi 14 tímum eftir að þeir láta úr höfn.“

18 þúsund tonnum landað að meðaltali á ári

Öllum smábátaafflanum í Bolungarvík er landað inn á Fiskmarkað Vestfjarða og í fyrra var strandveiðiaflinn í Bolungarvík á áttunda hundrað tonn. „Þetta er mjög svipaður afl milli ára og frekar jafn afl milli mánaða á því tímabili sem strandveiðarnar standa,“ segir Stefán Pétur en á síðustu árum hefur um 18 þúsund tonnum verið landað að meðaltali í Bolungarvík. Heimatogarinn Sírý er stærsta skipið sem landar þar reglubundið en sömuleiðis hefur verið umtalsverð dragnótaveiði hjá heimabátum. Þá eru einnig öflugar útgerðir línubáta sem róa frá Bolungarvík. Útgerðarformið er því mjög fjölbreytt.

„Strandveiðin hleypir miklu lífi í allt hér í og við höfnina á sumrin. Hér er mest um að vera í löndun-



■ Hafnarstarfsmennirnir í Bolungarvík, þeir Stefán Pétur Viðarsson, yfirhafnarvörður (tv) og Halldór Guðjón Jóhannsson.



■ Bolungarvíkurhöfn tekur stakkaskiptum yfir sumarmánuðina, þökk sé strandveiðunum. Þar landa yfir 40 bátar að staðaldri á þeim tíma ársins.

um síðdegis og fram undir kvöldmat en svo eru alltaf stöku bátar sem koma inn síðar á kvöldin. Hér erum við með vaktir á hafnarvoginni, erum tveir í fastri vinnu og hafnarverkamaður að auki sem vinnur t.d. á löndunarkrónunum. Það er þjónusta sem flýtir mikið fyrir löndun hjá bátunum og hefur komið mjög vel út síðan við byrjunum á þessu fyrir tveimur árum,“ segir Stefán Pétur sem ber einnig lof á þjónustu Fiskmarkaðs Vestfjarða og samvinnu við bátaútgerðirnar og höfnina. „Ég held að sú þjónusta sé í fremstu röð á landinu og skiptir auðvitað miklu máli fyrir hafnarþjónustuna sem heild,“ segir hann.

Fjórtán ár á rækjuveiðum

Stefán Pétur segist ekki fá fiðring að fara á sjóinn þó hann hafi verið lengi í því starfi. Þeim kafla sé lokid.

„Reyndar hef ég aldrei verið á smábátum en var lengi á rækjuveiðum hjá danskri útgerð sem er með togarann Ocean Tiger við Grænland. Þar fiskaðist ágætlega af rækju lengstum og mér líkaði

þrýðilega að vera á þeim veiðiskap. Eins og í allri sjómennsku gat verið hundleiðinlegt þegar ekkert fiskaðist en að sama skapi skemmtilegt þegar var mikill afl. Þannig er einmitt rækjuveiðin, miklu sveiflukenndari en veiðar á hefðbundnum frystitogurum á botnfiski,“ segir Stefán Pétur en á Ocean Tiger var rækjan unnin í mismunandi afurðaflokka, lausfryst í poka eða soðin.

„Þarna var ég í 14 ár sem kom til af því upphaflega að bróðir minn var þarna um borð og var viss um að ég fengi bakteríuna. Sem og varð en eftir þennan langa tíma var ég búinn að fá alveg nóg. Þá bauðst starf yfirhafnarvarðar við höfnina hér í Bolungarvík og ég sé ekki eftir því að hafa skipt um starfsvettvang.“




Minnum á glæsilega sjávarútvegssýningu í Laugardalshöllinni

21. – 23. september 2022

Hlökkum til að sjá ykkur



**September
2022**



**ICELAND FISHING
EXPO 2022**

Sjávarútvegur 2022

www.icelandfishexpo.is

**September
2022**

Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöll í september

Sjávarútvegssýningin SJÁVARÚTVEGUR/ ICELAND FISHING EXPO 2022 verður haldin dagana 21. til 23. september í Laugardalshöll. Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar framkvæmdastjóra sýningarinnar stefnir í fjölbreytta og glæsilega sýningu.

„Við fundum fyrir afar mikilli bjartsýni þegar hömlum vegna Covid 19 var aflétt. Pantanir streymdu þá inn á sýninguna. Og reyndar höfum við alltaf fundið fyrir miklum áhuga sýnenda á sjávarútvegssýningunum sem okkar fyrirtæki, Ritsyn sf., hefur haldið enda sjávarútvegurinn afar sterkur hér á landi.

Hverju þakkar þú þennan mikla áhuga á sjávarútvegssýningunni í ár?

„Eins og áður sagði þá er sjávarútvegurinn afar öflug atvinnugrein á Íslandi og má í raun segja að hann hafi í gegnum árin fleytt okkur í gegnum boðaföllin. Þá er mikil eftirvænting hjá sýnendum að hitta viðskiptavinum og treysta gamalgróin og ný viðskiptasambönd. Einnig ákváðum við að hækka ekki básaverðið frá seinustu sýningu og miðaverð verður óbreytt. Viðskiptavinir kunna að meta slíkt. Einnig að hverjum sýnenda býðst að fá eins marga fría boðsmíða og hentar. Þannig næst afar vel til réttu markhópanna. Og síðast en ekki síst þá er sýningin á afar góðum markaðstíma, dagana 21. til 23. september. Það skiptir miklu að fyrirtækin hafi góðan tíma eftir sýninguna til að fylgja eftir samtölum við viðskiptavinum.“

Nýir sýnendur

Ólafur segir að sýningin verði svipuð að umfangi og fyrri sýningar og verða fjölmargir innlendir og erlendir aðilar með bása.



■ Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri sýningarinnar Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll

„Einnig verða birgjar með sýningarpláss á útsvæðum. Svo er ánægjuleg nýjung á sýningunni í ár en þar verða fyrirtæki sem þjóna fiskeldinu. Okkur kom verulega á óvart hversu öflugur þessi geiri er orðinn. Þannig verður sjávarútvegssýningin 2022 enn

fjölbreyttari og áhugaverðari,“ sagði Ólafur að lokum.

Frekari upplýsingar um sýninguna og básapantanir er að finna á heimasíðu sýningarinnar.

ritsyn.is



■ Frá sýningunni Sjávarútvegur 2019. Sjávarútvegssýning er tilvalinn vettvangur til að kynna tækninýjungar.



■ Stór og smá tæki þarf í hina fjölbreyttu grein sem íslenskur sjávarútvegur er.

HIN HLIÐIN

Byrjaði sex ára í launuðu starfi

Maður vikunnar að þessu sinni er frá Ólafsvík og hefur komið víða við í sjávarútvegstengdum störfum. Hann byrjaði fyrst í launuðu starfi sex ára gamall, vann á lyftarar, var á sjó og hefur verið í sölu-störfum.

Nafn:

Valdimar Gunnar Sigurðsson.

Hvaðan ertu?

Frá Ólafsvík.

Fjölskylduhagir?

Giftur Rannveigu Hildi Kristinsdóttur og eigum við tvö börn, Sigurd Steinar og Ólmu Dís.

Hvar starfar þú núna?

Ég starfa sem sölustjóri hjá Bacco Sea Products, sem sérhæfir sig í sölu á fiskafurðum.



Hvenær hófst þú vinnu við sjávarútveg?

Fyrsta launaða starfið sem ég vann við í sjávarútvegi, var að

hringa netateina þegar ég var 6 ára og fékk ég þá 11 kr. fyrir hvern tein. Fór síðan að vinna í fiskvinnslu og var orðinn lyftaramaður 14 ára í Bakka hf. án þess að vera með aldur til að taka lyftarapróf. Svo tók sjómennskan fljótlega við eftir það.

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna við íslenskan sjávarútveg?

Það sem mér hefur þótt hvað skemmtilegast var að taka þátt í því með störfum mínum í Marel og með fiskframleiðendum að innleiða fyrstu vatnskurðarvélarnar sem notaðar voru í heiminum og að vinna með öllu því frábæra fólki sem lét hlutina verða að veruleika.

En það erfiðasta?

Maður er nú tilbúinn að leggja mikið á sig fyrir gott vesen og oftast tengist það veðrinu.

Hvað er það skrytnasta sem þú hefur lent í í störfum þínum?

Það sem ég mun aldrei gleyma er það þegar við feðgar rerum á Sigurvík SH-117 frá Ólafsvík og björguðum skipverjum á Pétri Jóhannessyni SH-177 þann 23. febrúar 1995. Báturinn sökk á örfáum mínútum síðla dags og við náðum til skipverjanna rétt áður en báturinn hvarf ofan í hafið og myrkur skall á.

Hver eftirminnilegasti vinnufélagi þinn?

Ég hef átt marga góða vinnufélaga í gegnum tíðina og get ég ekki gert upp á milli þeirra. Listinn er langur.

Hver eru áhugamál þín?

Ég á mörg áhugamál en þau helstu eru fjallganga, skotveiði, flugveiði og golf.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Leturhumar og hreindýr.

Hvert færir þú í draumfríð?

Ég færi sennilega aftur í eyjasiglingu um Adríahafið.

AUÐLINDIN

Maður vikunnar er fastur liður á sjávarútvegsfréttavefnum Auðlindinni, www.audlindin.is



Markus Lifenet maður fyrir borð björgunarbúnaður

Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktra framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



Neyðarstigi í dekkbáta með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



Stök kastlína í kastpoka fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.

Gleðilega sjómanna dagshátíð!

Tímamót að fá 21. aldar rannsóknarskip

Bjarni Sæmundsson, rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar, er löngu kominn á tíma að mati borsteins Sigurðsson, forstjóra stofnunarinnar. Síðasta dag marsmánaðar var skrifað undir smíðasamning um nýtt rannsóknarskip og er áætlað aðsmíðin kosti um 4,7 milljarða króna. Fyrirhugað er að skipið verði tekið í notkun haustið 2024. Borsteinn segir að nýja skipið opni möguleika í rannsóknum sem kitlandi sé að fá að nýta.

Nýja skipið mun leysa Bjarna Sæmundsson af hólmi en þar fer 54 ára gamalt skip sem að mati borsteins er löngu komið á tíma. „Við getum ekki boðið Bjarna upp á allt sem við getum boðið þessu nýja skipi,“ segir borsteinn í samtali, spurður hvaða dyr í hafrannsóknnum nýja skipið muni opna. Hann nefnir í því samhengi að nýja skipið muni nýtast betur í togaraðlum og sé mun kraftmeira en Bjarni Sæmundsson en þó mun kraftminna en Árni Friðriksson.

„Þetta býður okkur möguleika í rannsóknvinnu sem okkur kitlar að komast í,“ heldur borsteinn áfram og nefnir að stofnunin myndi vilja ráðast í auknar rannsóknir á grunnslóð og frekari rannsóknir á búsvæðum fiskistofna, svo sem með myndavéla-búnaði og öðrum nýjum tæknibúnaði.

Áratugur hafrannsóknna

Borsteinn segir að verkefnið í hafinu séu ærin. Grunnsvárrannsóknir og ýmislegt sem varði grunnþætti lífkerfisins séu atriði sem mætti sinna betur. Hann segir hins vegar að skipið eitt og sér nægi ekki til þeirra rannsókna heldur þurfi fjármagn að koma til.

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út að þessi áratugur, frá 2021 til 2030, verði áratugur hafsins og hafrannsóknna. Til stendur að efla rannsóknir og stuðla að sjálfbærni í hafinu. Borsteinn bindur vonir við að Ísland verði virkur þátttakandi í rannsóknum á Norður-Atlantshafinu.

„Maður vonar að það fleyti okkur áfram og muni gera okkur kleift að sinna grunnrannsóknum á lífríkinu í hafinu. Við þær myndi nýja skipið nýtast vel.“ Hann bendir á að í dag sé mest áhersla á vöktun fiskistofna enda séu nýttastofnarnir þjóðinni afar mikilvægir. „Verkefnið eru óþrjótandi en það er fjármagníð sem ræður forgangsráðuninni,“ útskýrir borsteinn.



Yfir hálfra aldar gamalt rannsóknarskip vikur fyrir því nýja hjá Hafrannsóknastofnun og gefur auga leið að á öllum sviðum verður um mikið framfaraskref að ræða.



Borsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

Hálfrar aldar gamalt spilerkerfi

Bjarni Sæmundsson var endurnýjaður mikið árið 2004. Borsteinn segir að þá hafi verið rætt um að þær framkvæmdir gætu lengt líftíma skipsins við hafrannsóknir um átta til tíu ár. Sá tímarámi sé liðinn og tími kominn á vélskipti og aðrar kostnaðarsamar endurbætur. „Bjarni er búinn spilerkerfi sem var hannað árið 1968 og kom í hann árið 1970. Svo má nefna að aðbúnaður fyrir starfsfólk stenst ekki tímans tönn, þó það hafi á sínum tíma þótt bylting að hafa tveggja manna klefa með vaski,“ segir hann spurður um ástandið á

Bjarna. „Það er þetta fasta; allur grunnbúnaður skipsins, er kominn á tíma þótt hann virki enn, sem er í raun mögnuð ending,“ bætir hann við.

Það er skipasmíðastöðin Astilleros Armón í Vigo á Spáni sem annast smíði nýja skipsins og hefur nú tekið yfir lokahönnun þess. Grunnhönnun var í höndum Sævars Birgissonar hjá Skipasýn en hann annaðist einnig hönnun Árna Friðrikssonar. „Sævar er okkar hægri og vinstri hönd þegar kemur að þessum málum. Hann er okkur til ráðgjafar varðandi tilhögun skipasmíðastöðvarinnar á

lausnum sem ekki var búið að útfæra til fulls,“ segir borsteinn. Hann segir aðspurður að nafn skipsins hafi ekki verið rætt, enda séu aðrir þættir brýnni.

Hugsað um fleiri orkugjafa

Umhverfisþættir eru mjög hafðir til grundvallar hönnunar skipsins að sögn borsteins. Skipið verður bæði lengra og mjórara en önnur skip af svipaðri stærð en það er til þess fallið að draga úr eldsneytisþörf. Það verður knúð af rafmótor með dísilvélum til rafmagnsframleiðslu en er hannað þannig að hægt verði að skipta um orkugjafa

þegar þar að kemur. Borsteinn segir að metan hafi verið nefnt til sögunnar eða jafnvel raforkuframleiðsla úr vetni. Að því sé hugað við hönnun skipsins. „Það virðist vera stutt í orkuskiptin og við hönnum skipið með þessa möguleika í huga. En við þurfum líka að hafa hugfast að við erum að smíða rannsóknarskip en ekki tilraunarskip. Það sem ég hef lært á undanförunum misserum er að þróun á vistvænum orkugjöfum er á fleygiferð.“



Útskriftarnemarnir sjö ásamt fulltrúum Fisktækniskólans og Marel.

Sjötti útskriftarhópurinn í Marel vinnslutækni

Nú í maí útskifaði Fisktækniskólinn nemendur úr Marel vinnslutækni í sjötta sinn. Útskriftin var í

húsakynnum Marel í Garðabæ en góð reynsla er komin á samstarf fyrirtækisins og Fisktækniskólans um þetta nám sem hefur að markmiði að búa nemendur sem best undir störf við það krefjandi tækniumhverfi sem er í fiskvinnslum í dag.

„Hlutverk Marel vinnslutækni er að sjá til þess að Marel tæki og hugbúnaður í vinnslunni vinni á sem skilvirkastan máta. Þannig má skapa aukin verðmæti og hámarka afköst, samhliða því að halda góðum gæðum. Námið er stór þáttur í því að efla menntun og færni starfsfólks sem vinnur við hátæknilegar matvælavinnslur,“ segir í tilkynningu skólans vegna útskriftarinnar.



Að þessu sinni útskrifuðust sjö nemendur sem koma frá Ísfélaginu á Bórshöfn, Samherja á Dalvík, Jakobi og Valgeiri í Bolungarvík, Codland og Einhamri í Grindavík. Nemendurnir fengu sérstakan viðurkenningsplatta og diplómu frá Marel við útskriftina.

Hátæknin kallar á menntun


Árið 2021 endurnýjuðu Marel og Fisktækniskóli Íslands samning um áframhaldandi samstarf til þriggja ára. Í því samkomlagi

felst að Marel sér Fisktækniskólann fyrir kennsluástöðu, aðgengi að tækjum og kennurum í þeim greinum sem lúta að tækjum Marel. Það er mat skólans og fyrirtækisins að framtíðin liggja í tækninámi og að hátæknivinnsla framtíðarinnar kalli á vel menntað starfsfólk. Tæknistigið í íslenskum fiskvinnslum hafi aukist með tilkomu nýrrar tækni sem byggist á tölvustýrðum tækjum og gæðalínunum. Því hafi aldrei verið meiri þörf á sérhæfðu starfsfólki í fiskvinnslu með góðan bakgrunn í tækni og hugbúnaði.

fiskt.is
marel.is

FRÖST
ÞEKKING, REYNSLA OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
Kælismiðjan Frost er traustur þjónustuaðili á sviði kæli- og frystilausna. Við vinnum af fagmennsku og áreiðanleika með okkar viðskiptavinum, og leggjum áherslu á grænar lausnir, öryggi og orkusparnað.

Kælismiðjan Frost ehf. S: +354 464 9400 | frost@frost.is | www.frost.is



ÞEGAR SÓTTVARNIR BJARGA LÍFUM

*Íslenskir sjómenn
til hamingju með daginn*

Jafnframt óskum við áhöfnum
og útgerðum þessara skipa
til hamingju með
ALVAR sóttreinsikerfin



ALVAR bætir vinnuumhverfi
sjómanna, stuðlar að auknum
gæðum og auðveldar öll þrif

www.alvar.is

ALVAR

ALVAR HF - URDAHVARF 14 - 203 KOPAVOGUR - ICELAND - TELEPHONE+354 550 8300

Sjávarútvegur burðar- ás atvinnulífs lands- byggðarinnar

Samanlagt eru fiskveiðar, fiskvinnsla og fiskeldi langstærstu atvinnugreinar landsbyggðarinnar en landbúnaður er stærsta einstaka atvinnugreinin. Um er að ræða niðurstöður í samantekt Byggðastofnunar á atvinnutekjum eftir atvinnusvæðum sem gerð var árið 2021 og náði til áranna 2012, 2016 og 2020. Fjallað var nýverið um þetta mál-
efni í Radarnum, sem er mæla-

borð sjávarútvegsins, og segir þar að þegar litið sé til landsins í heild þá sé í raun engin atvinnugrein með jafnari dreifingu atvinnutekna yfir landið en sjávarútvegur. Öflug sjávarútvegsfyrirtæki sé að finna í öllum landshlutum. Litið til landsins í heild sé í raun engin atvinnugrein með jafnari dreifingu atvinnutekna um landið en sjávarútvegur.

„Sjávarútvegur er mun um-



■ Öflug sjávarútvegsfyrirtæki er að finna í öllum landshlutum og á síðari árum hefur mikið verið fjárfest í vinnslutækni. Það á t.d. við um þessa vinnslu G.Run í Grundarfirði.

fangsmeiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og því eru áhrifin sýnilegri íbúum hinna dreifðari byggða. Sjávarútvegur er í raun ein af fáum atvinnugreinum sem er umfangsmeiri á

landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Um 79% af atvinnutekjum í veiðum og vinnslu koma í hlut einstaklinga sem búa á landsbyggðinni. Það hlutfall hefur verið óbreytt undanfarinn ára-

tug,” segir í umfjöllun Radarsins og bent er á að hlutfallið í fiskvinnslu sé 83% en í fiskveiðum 77%. Lægra hlutfall í fiskveiðum megi rekja til þess að sjómenn eru síður bundnir við að búa nálægt útgerðarstað. Miklar fjárfestingar í sjávarútvegi á undanförunum árum hafi treyst stöðu sjávarútvegsfyrirtækja og samfélaga víða um land.

Atvinnutekjur af veiðum hæstar í höfuðborginni

Í umfjöllun Radarsins er vakin athygli á að stærsti hluti atvinnutekna í fiskveiðum komi í hlut einstaklinga sem búa á höfuðborgarsvæðinu sem megi vafalaust rekja til þess að sjómenn eru síður bundnir af því að búa í nálægð við vinnuveitanda eins og áður segir.

„Vægi vinnslunnar á höfuðborgarsvæðinu er talsvert minna en þó þriðja mesta á landinu. Stærsta hluta atvinnutekna í fiskvinnslu má rekja til Suðurnesja en þar er vægi veiða öllu minna. Suðurnes eru jafnframt eini landshlutinn þar sem atvinnutekjur af vinnslu eru umfram atvinnutekjur af veiðum. Eins er talsverður munur á vægi Vesturlands þegar kemur að veiðum og vinnslu þar sem vægi þess í atvinnutekjum af veiðum er talsvert hærra. Minni munur er á milli veiða og vinnslu í öðrum landshlutum,” segir í umfjölluninni.

Margt skýrir dreifingu atvinnutekna í sjávarútvegi

Í samantektinni segir að ótal ástæður geti legið að baki landfræðilegri dreifingu atvinnutekna einstaklinga af veiðum og vinnslu. Að sama skapi séu ótal ástæður fyrir því að atvinnutekjur af veiðum eða vinnslu í einum landshluta aukast á sama tíma og þær dragist saman í öðrum.

„Til að mynda eru bæði afla-
brögð og afurðaverð mun sveiflu-
kenndari í uppsjávarfiski en botn-
fiski og reksturinn þar af leiðandi
áhættusamari. Loðnubrestur tvö
ár í röð, árin 2019 og 2020, er
ágætt dæmi um það. Þetta má
telja stóra ástæðu þess að mun
meiri samþjöppun hefur orðið á
aflaheimildum í uppsjávarfiski en
botnfiski. Nálægð við fiskimið
skiptir meira máli í uppsjávariðn-
aði en nálægð við markaði. Þar
skiptir mestu að koma afla fersk-
um úr sjó og í vinnslu á landi.
Stærsti hluti uppsjávargeirans er
á Austurlandi, Hornafirði og í
Vestmannaeyjum. Sveiflur í afla-
brögðum og verði á uppsjáv-
arfiski hafa því mikil áhrif á atvinnu-
tekjur af sjávarútvegi á þessum
svæðum.

Veiðar og vinnsla á botnfiski eru mun dreifðari um landið en á uppsjávarfiski. Þar hafa þó orðið talsverðar breytingar í vinnslu á undanförunum árum, þar sem aukin áhersla hefur verið á fersk-
fiskvinnslu. Það eitt og sér hefur talsvert áhrif á það hvernig atvinnutekjur í sjávarútvegi dreifast um landið. Sú áherslubreyting sem drifin er áfram af því að hámarka verðmæti úr takmörkuðum afla hefur leitt til þess að nálægð við markaði og neytendur skiptir orðið sífellt meira máli. Samgöngur og nálægð við flutningsleiðir gerir Suðvesturhornið að ákjósanlegum stað fyrir botnfiskvinnslu. Keflavíkflugvöllur hefur gert Suðurnes að fýsilegum kosti fyrir vinnslu á botnfiski og skýrir að svæðið er stærst þegar kemur að atvinnutekjum af vinnslu.“



APÓTEK
VESTURLANDS



Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum
og fjölskyldum þeirra til hamingju
með sjómannadaginn

Öll þjónusta við
skip og báta
- með lyf og sjúkravörur

Smiðjuvellir 32, Akranesi - Sími 431 5090 - www.apvest.is

Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga



Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi



Þéttilistar fyrir lestarlúgur og vatnspétt skilrúm

Gleðilega sjómanna-dagshátíð!

**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**

Verzlun Voot opnuð í Ólafsvík

Þjónustufyrirtækið Voot opnaði á dögunum nýtt útibú í Ólafsvík. Þar er verzlun með sjó- og vinnufatnað og rekstrarvörur fyrir bæði sjó og land.

„Við hjá Voot erum vel kunnug-ir Snæfellsnesinu enda höfum við þjónustað þar sjómenn og útgerðir í fjólda ára með sjávarút-



■ Ný verzlun Voot í Ólafsvík er til húsa við Ólafsbraut 9 þar sem áður var Brauðgerð Ólafsvíkur.

vegstengdar vörur. Síðustu ár höfum við vaxið ört, bætt við vöruúrvalið og aukið þjónustuna. Við sáum því ákveðið tækifæri í því að opna á Snæfellsnesi

glæsilega verzlun,” segir Hörður Gunnarsson, markaðsstjóri hjá Voot, en til viðbótar við áður-nefnda vöruflokkana eru í verzluninni seld raftæki, lyfti- og hífibún-



■ Sjó- og vinnufatnaður í úrvali.

aður frá Hampiðjunni, auk þess sem gerður var samningur um endursölu á olíu og efnavörum Olís.

„Við lögðum upp með það

þegar rétta húsnæðið var fundið að hafa verzlunina, bjarta og fallega og lögðum mikla vinnu í endurbætur á Ólafsbraut 19, sem áður hýsti Brauðgerð Ólafsvíkur. Við fengum svo Björn Harald Hilmarsson, sem áður stýrði Rekstrarlandi í Ólafsvík, til að stýra verzluninni en það var mikill happafengur að fá svo öflugan mann til liðs við okkur. Við erum því mjög stoltir af verzluninni og hlökkum til að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á Snæfellsnesinu,” segir Hörður.

Verzlunin er opin virka daga kl. 8-17.



■ Rík hefð er fyrir veglegri sjómanna-dagshátíð á Patreksfirði.

Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?

Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru ellefu talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði lamsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

- » Launavernd í allt að 9 mánuði í veikindum
- » Styrkir vegna veikinda maka eða barna
- » Styrkir til kaupa á gleraugum og heyrnartækjum
- » Styrkir vegna fæðingar barns
- » Tryggingavernd allan sólarhringinn!
- » Aðgangur að tugum orlofshúsa og íbúða um land allt
- » Dánarbætur vegna andláts félagsmanns
- » Einstaklingsbundin þjónusta
- » Lögfræðiaðstoð

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert ellefu aðildarfélaga STF.

Við tökum vel á móti þér!

**Samband
stjórnendafélaga**

Hlíðasmára 8
201 Kópavogur
Sími 553 5040
stf@stf.is
www.stf.is

**Gleðilega
sjómanna-dagshátíð!**

Sjómanna- deginum fagnað á Patreksfirði

Rík hefð er fyrir hátíð um sjómanna-dagshelgina á Patreksfirði og nú verður þráðurinn tekinn upp að nýju eftir hlé vegna Covid-19 faraldursins. Hátíðin hefst fimmtudaginn 9. júní með skemmtiskokki og götugrilli og síðan rekur hver viðburðurinn annan næstu þrjá daga.

Sýningin Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn stendur að Mýrum 8 alla helgina verður opin kl. 14-18. Meðal dagskrárliða á föstudeginum má nefna grillveislu Landsbankans, sýningu Leikhópsins Lottu á Pínulítlu Mjallhvíti og tónleika um kvöldið með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna.

Á laugardeginum verður sjósund, dorgveiðikeppni, götusúpa, kraftakeppni, og skemmtidagskrá frá kl. 14 þar sem m.a. verða Lati-bær og Gunni og Felix. Bændamarkaður verður með vörum úr Vestubbyggð og hátíðarsigling um fjörðinn síðdegis. Páll Óskar verður með barnaball kl. 18-19 en hann skemmtir einnig á stórdansleik sumarsins í Félagshemili Patreksfjarðar frá kl. 23 til kl. 03.

Sunnudagurinn herst síðan með sjómannamessu og skrudgöngu eftir hana að minnisvarða sjómanna þar sem blómsveigur verður lagður. Kappróður verður við höfnina kl. 13.30 og kaffisala á vegum Kvenfélagsins Sifjar kl. 15-17.

Allt fyrir ferskleikann

Laxinn er viðkvæmur og vandmeðfarinn



23 kg Laxakassinn er þannig hannaður að hann viðheldur ferskleika laxins lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir kassans eru eftirtaldir:

- * Aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum.
- * Fiskurinn raðast betur innan kassa.
- * Meira rými er fyrir ís eða kælimottur.

- * Rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol.
- * Stærð kassanna er 79 x 39,2 sm og staflast þeir betur á vörubrettin.
- * Vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður.
- * Betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti.

Laxakassinn frá Tempura sér til þess að laxinn kemst ferskur til neytenda um allan heim.


TEMPURA
 einangrun - umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempura@tempura.is • www.tempura.is

Gleðilega sjómanna dagshátíð!



AGS fiskmarkaður
Grímsey



Hvalur hf.
Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfjörður



Til hamingju með daginn!

Sjómannafélag Eyjafjarðar óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



Sjómannafélag Eyjafjarðar

www.sjoey.is



■ Markús Alexandersson í sólstofunni heima hjá sér. Þar hefur hann komið upp safni siglingatækja og fleiru sem sjóferðum tengist.

Að mestu á sjó í sjötíu ár

Hann er 87 ára gamall og endurnýjaði skipstjórnarréttindi sín í fyrra til að geta haldið siglingum áfram. Hann byrjaði til sjós sem dekksgrengur í Noregi. Síðan lá leiðin vestur um haf og lengi sigldi hann sem stýrimaður á bananabátum milli Karabíska hafsins og New York. Síðari árin hefur hann verið í afleysingum sem stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum, sótt ný skip út og farið með önnur í brotajárn. Hann heitir Markús Alexandersson og bíður rólegur eftir næstu verkefnum, þó kennitalan geti vafist fyrir einhverjum. Sóknarfæri ræddi við hann um ferilinn og fékk nokkrar sjómanna sögur með.

„Ég byrjaði til sjós í Noregi 1952, 17 ára gamall. Hér heima var mikið atvinnuleysi og erfitt að fá vinnu. Ég ætlaði aldrei að verða sjómaður. Mig langaði til að verða vélvirki. Ég komst hvergi að, það var allt í gegnum kunningsskap og klíku. Ég dreif mig því til Noregs og þá lærði ég að það var hægt að lifa lífinu fyrir utan klíkuskap. Ég byrjaði sem dekksgrengur á 16.000 tonna tankara og var þar fyrsta árið mitt til sjós. Ég kom svo heim eftir fyrstu tvö árin mín úti, vorið 1954, 19 ára gamall. Þá var ég búinn að sigla um alla Evrópu og Miðjarðarhaf, vestur til Ameríku og austur til Japans. Það þykir ekki merkilegt í dag en þá var nú ekki mikið um túrista. Það var fínt að vera hjá Norðmönnum. Þetta voru fjórar tröppur í metorðastiganum hjá hásetum, dekksgrengur, svo jungman, lettmatros og matros. Eftir að eg var á tankaranum, var ég mest á línufrókturum en þá er siglt eftir áætlan. Sum skipanna tóku líka farþega. Þetta voru mjög flott skip og gengu 18 mílur. Ég var að sigla með Norðmönnum frá 1952 til 1958,“ segir Markús um upphafið.

Á sykurskipum og bananabátum

„Friðrik bróðir minn kláraði Stýrimannaskólann 1956 og fór til Noregs og byrjaði sem þriðji stýrimaður á norsku skipi í Bandaríkjunum og fór svo þaðan til United Fruit Company á bananabátana. Ég fékk bréf frá honum meðan ég var ennþá háseti hjá Norðmönnum. Hann sagðist vera

orðinn leiður á að hafa mig sem hásetablók hjá Norðmönnum og væri búinn að ráða mig sem þriðja stýrimann, hjá UF.Co. Þegar ég væri búinn með skólann. Ég skellti mér því heim 1958 og komst framhjá fyrsta bekk með því að fara í hálfsmánaðar undirbúningsdeild til að taka próf í íslensku, dönsku, ensku og reikningi. Þetta hafðist og ég komst beint upp í annan bekk og útskrifaðist 11. maí 1960. Tveimur vikum síðar flaug ég til New York og var munstráður um borð í eitt af sykurskipunum sem United Fruits átti. Þetta voru fimm skip eins og Tröllafoss var á sínum tíma. Ég var heppinn því dallurinn fór í klóssun og ég ásamt dönskum fyrsta stýrimanni vorum sendir um borð í bananabát. Eftir það var ég á þeim, sem var mikið betra,“ segir Markús en skipin voru byggð sem frystiskip og voru með lestar sem hægt var að kæla niður í 30 gráðu frost. Bananarnir voru hins vegar kældir niður í 13-14 gráður og þeirri kælingu haldið meðan á flutningunum stóð.

Gangmikil skip og flottur aðbúnaður

Markús segir að siglt hafi verið frá Mið-Ameríkukjúm til Hondúras, Gvatemala, Kólumbíu, Panama, Ekvador og Kosta Ríka Kyrrahafsmegin. Ef siglt var til Evrópu var oft lestað á Jamaíka.

„Það var enskt yfirráðasvæði og við fengum tvo til þrjá svoleiðis túra á ári og þótti það mjög skemmtileg tilbreyting en skipstjórunum ekki. Þeir kærðu sig ekkert um að sigla yfir Atlantshafið um hávetur. En þetta voru gangmikil skip og flottur aðbúnaður um borð þó við sigldum undir fána Hondúras. Við gátum tekið 12 farþega og maturinn var meiri háttar, við fengum að ráða hvernig við vildum hafa steikina steikta og egginn á morgnana. Þetta var fínt líf. Ég náði að komast upp í fyrsta stýrimanninn en það var pólitík í þessu. Kastró komst til valda 1959 og þeir voru orðnir hræddir um að sum af þessum Mið-Ameríkukjúm væru að fara undir kommúnismann. Gömlu skipin fóru eitt af öðru í brotajárn og nýju skipin sem voru byggð í staðinn fóru undir aðra fána. Það voru 17 skip í þessu þegar ég byrjaði og 11 þegar



■ Markús á brúarvængnum.

ég hætti. Ég byrjaði sem þriðji stýrimaður og varð síðan annar og náði að leysa af sem fyrsti. En lengra komst maður ekki. Ég hætti því í þessum siglingum árið 1965.“

Slökknaði á Manhattan

Eftir það var Markús í siglingum hér heima, meðal annars fyrir Eimskip á ms. Selfossi, sem var flott skip, systurskip Brúarfoss en Eimskip lét byggja bæði skipin fyrir sig. Siglt var til New York en skipstjóri var Helgi Pétursson og fyrsti stýrimaður var Þór Elísson, mjög þekktur skipstjóri síðar hjá Eimskip. „Það sem var mjög sérstakt í þessum túr var að rafmagnnið fór af norðurríkjunum Bandaríkjana. Það bara slökknaði á Manhattan og varð straumlaust í sólarhring,“ segir Markús en eftir að hafa verið hjá Eimskip var hann hjá Hafskip um tíma en fór svo í land og tók við fjölskyldufyrirtækinu, Rjómaísgerðinni, sem pabbi hans var með.

„Ég var þar í tvö ár og reif það upp. Ég fór út úr því og var síðan í veitingarekstri hérna í Reykjavík. Ég var í landi í átta ár, en fór þá aftur til sjós.“



■ Vottorð um siglingu yfir miðbaug. Þetta fékk Markús snemma á ferlinum er hann var á Inlandshafi nálægt Borneo.

Með vopn til Dar Es Salam


Eftir þetta leysti Markús af sem stýrimaður á gamla Herjólfí og árið 1974 fór hann til Skapta Skúla á Hvalsnesið, sem var þá nýtt fragtskip. „Þar var ég fyrsti stýrimaður og Gunnar Kristinsson skipstjóri en ég leysti hann af í fríum. Við vorum í leigu í Norðursjónum og komum ekkert heim til Íslands. Svo keypti hann annað skip, Frendo Simbi, og við fórum með vopnafarm niður til Dar ES Salam í Tansaníu og upp til Dubai, í Persaflóa 1975. Það stóð svo til að við færum að sigla milli Flórída og eyjanna fyrir austan Flórídaskagann en það varð aldrei úr því. Svo keypti Guðmundur Ásgeirsson í Nesskip, Hvalsnesið og þá hét það Vesturland og ég leysti af þar. Síðan fór það til Pálma Pálssonar í Skipafélaginu Nesi, í Hafnarfirði og hét þá Valur,“ segir Markús og bætir við að þeir Guðmundur í Nesskip hafi verið bekkjarbræður í Stýrimannaskólunum og verið saman á togurum og hjá Hafskip.

„Síðan hef ég verið að þvælast hér og þar. Var um tíma með dæluskipið Perlu þangað til að Björgun keypti skipið. Þá fór


SIMRAD



KONGSBERG




SN90 Sónar/Dýptarmælir



ES80 Dýptarmælir



JRC JLN-652 Straummælir



ST90 Sónar



JRC JMR-5400 Ratsjá



NORTHROP GRUMMAN
Sperry Marine



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022



Navigat 100 gyrókompás

**Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn**



Tron 60
GPS EPIRB



Stillanlegur skjávegur

Askalind 2
201 Kópavogur

Simberg

Sími: 414-4414

www.simberg.is
simberg@simberg.is

ég að taka siglingar annars staðar, var hjá Pálma í Nesi þangað til Haukurinn var seldur til Noregs 1999 og ég seldur með. Ég fór svo með hann í Karabíska hafið fyrir norska reiðarann, Kare Gangsö. Þar vorum við eitt ár en eftir það og svo að sigla fyrir hann í Noregi í einhverj ár.“

Sótti Helgu til Tævan

Frá Akureyri var um tíma gert út flutningaskipið Axel af Ara Jónssyni og þar var Markús í afleysingum sem skipstjóri.

„Svo var ég reddari í Reykjavík fyrir þá þegar ég var á milli túra. Axel var mikið í flutningum á loðdýrafóðri frá Sandgerði til Danmerkur. Til baka var flutt almenn fragt sem losuð var beint á hafnir á ströndinni. Þetta var rosalega flott skip og gott að vera þar um borð. Danska ríkið byggði tvö svona skip fyrir Grænland. Þau voru eitthvað lítið notuð á Grænlandi og síðan seld. Systurskip Axels fórst fyrir norðan Færeyjar. Þeir voru með steypustyrktarjárn uppi á millidekkinu og sjóþjuggu það ekki nógu vel. Járnið fór því yfir á aðra síðuna og velti skipinu og helmingurinn af áhöfninni fórst.“

Árið 2009 sótti Markús Helgu RE til Taívan fyrir Ármann Ármannsson. „Svo sótti ég lystiskekkjuna Amelíu Rose til Mexíkó en það er fallegasta skip á Íslandi, allt útskorið úr harðviði innandyra og traustlega byggt. Ég fór með snekkjuna í gegnum Panamaskurðinn en það var svo klassað í Flórída. Svo fórum við aftur út og sóttum skipið þangað og fórum upp til St. Johns í Nýfundnalandi og tókum olíu þar. Þetta var árið 2014. Skipið er nýtt í ferðamennskunni hérna við landið. 2016 fórum við með Jón Vídalín til Írans, ég og Ásgeir Ásgeirson, stýrimaður og Ómar Haraldsson vélstjóri.“

Kokklaust skip er sálarlaust skip

Í fyrra tók Markús þátt í að fara með gamla Sturlaug Bøðvarsson sem þá hét Mars fyrir Skipaþjónustu Íslands í brotajárn til Gent í Belgíu.

„Það var nú svolítið sérstakt því ég hafði líka farið með bananaskip sem hét Toltec í



■ Fyrsta skipið sem Markús var á með Norðmönnum. Risavaxið tankskip.



■ Tarifa. Á þessu skipi var Markús um tíma.

brotajárn árið 1961 til Gent í Belgíu, en þá var skipið orðið 32 ára gamalt. Nákvæmlega 60 árum seinna fórum við með Marsinn. Þegar við erum að fara með þessa litlu báta hérna á milli er lágmarks mannskapur fjórir um borð en ef við ætlum að fara að kokka eitthvað fer allt í vitleysu. Það var fínt þegar við komum með Helgunu frá Tævan, bórarinn vélstjóri var eftirlitsmaður með smíðinni úti og Elísabet konan hans kom með sem kokkur. Það var algjör lúxus því kokklaust skip er sálarlaust skip. Stýrimaður var Ásgeir Ásgeirsson og annar vélstjóri var Hjálmar en með okkur var líka Skúli Árnason, sem var nokkurs konar

blaðafulltrúi. Við vorum því sex um borð. Þetta var rosalega finn túr en mig minnir að við höfum verið 56 daga á leiðinni.

Markús fór einnig í júní í fyrra með togarann Jessicu, sem var lítill þýskur togari, frá Njarðvík til Las Palmas á Kanaríeyjum.

„Ég fór svo í Slysavarnaskólann í haust og endurnýjaði skipstjórnarréttindin mín til fimm ára. Ég er alltaf tilbúinn í verkefni en menn verða náttúrulega að sjá mann. Það gengur ekkert að segja kennitóluna í gegnum síma, hún sýnir bara háan aldur. Það verður ábyggilega ekki mikið að gera því hver vill láta svona gamlan mann sigla



■ Úr safni Markúsar. Þar er að finna muni sem eru allt að 300 ára gamlir.

fyrir sig. En ég er í alveg 100% standi og tilbúinn í hvað sem er en helst langsiglingar. Ég nenni ekki að vera að sigla hérna heima. Ég þarf það ekki út af peningum. Ég hef bara gaman af því að fara á milli landa. Helst vildi ég komast til Ástralíu og Nýja Sjálands. Tveggja mánaða túr. Það væri alveg stórkostlegt og taka Ásgeir vin minn með. Hann er svo geðgóður að það er hægt að sigla með honum á heimsenda,“ segir Markús Alexandersson.

Til hamingju með daginn sjómenn!

Marport óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

MARPORT

ICELAND
 USA
 SPAIN
 NORWAY
 FRANCE
 SOUTH AFRICA

MARPORT.COM



Leiðandi í nýsköpun fiskeldislausna

Linde hefur verið í farabroddi fyrirtækja í þróun á hágæða gas lausnum fyrir fiskeldi. Linde mun halda áfram að vera leiðandi í þróun tækni sem eykur virkni og sparar orku í súrefnisdreifingu. Með réttri súrefnisdreifingu í vatni má draga úr áhættuþáttum og auka öryggi eldis á mismunandi vaxtarskeiði. Linde getur boðið heildar súrefnislausnir og ráðgjöf, ásamt öflugum stuðningi frá háþróaðri fiskeldis tilraunastöð Linde í Álasundi í Noregi.



Breiðhöfða 11 | Reykjavík | 577 3000

Gleðilega sjómanna- dagshátíð!

AUÐLINDIN

ÆGIR

RITFORM







Sendum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
heillaóskir með daginn



Til hamingju með daginn sjómenn!



Við tökum þjónustuna alla leið

Það er okkur sönn ánægja að bjóða nú upp á enn betri þjónustu með nýrri og öflugri vefverslun N1 sem nýtist sjómönnum og útgerðarfyrirtækjum hvort sem er á sjó eða í landi. N1 sendir hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins og þakkar fyrir ánægjuleg samskipti alla leið!

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ